**RAGNA BJÖRG ÁRSÆLSDÓTTIR**

*Ræktar kryddjurtir í gluggakistunni*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**ERLA DÖGG OG TRYGGVI**

*Opna gallerí í Santa Monica*

Taugarnar liggja til Íslands

FÓLK 22



**JÓNATAN GARÐARSSON**

*Hver einasta mínúta skipulögð*

Svefn og matur á dagskrá Eurovisonhópsins

FÓLK 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. apríl 2009 — 99. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR

**Halda til Cannes**

Arnar Már og Gunnar Anton eru spenntir og kvíðnir.

FÓLK 22



**Margt á boðstólum**

Pólskir dagar verða haldnir dagana 27. apríl til 3. maí.

TÍMAMÓT 16



**Um þetta var kosið**

„Við kusum gegn grillunum um Æðislegu Íslendingana sem Allt vita og á Engum þurfa að halda. Gegn hugmyndinni um Ísland sem laumufarþega í Evrópu“, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 14

**Styttist í mót**

Fréttablaðið byrjar að hita upp fyrir Íslandsmótið í knattspyrnu og spáir Þrótti neðsta sæti deildarinnar í sumar.

ÍÞRÓTTIR 19



**VEÐRIÐ Í DAG**




**HÆGVIÐRI** Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Bjart veður sunnan til og vestan annars skýjað og víðast úrkomulítið en þó er helst hætt við dropum norðaustan til og á Ströndum.

VEÐUR 4



**KÁT VIÐ UPPHAF VIÐRÆÐNA** Formenn og varaformenn ríkisstjórnarflokkanna voru glaðbeittir við heimili Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Hjarðarhaganum í gær. Grunnur var lagður að viðræðum flokkanna um áframhaldandi stjórnarsamstarf.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Efnahagsmálin eru brýnustu verkefnin

**Forystumenn Samfylkingarinnar og VG hófu að ræða framhald ríkisstjórnarsamstarfsins í gær. Lausn efnahagsvandans er meginverkefni nýrrar stjórnar. Flokkarnir vilja nálgast það með ólíkum hætti. Evrópumálin verða erfiðust.**

**KOSNINGAR** Efnahagsmál eru brýnustu verkefni nýrrar ríkisstjórnar. Um það eru þingmenn Samfylkingarinnar og VG sammála.

Á hinn bóginn er fyrirséð að dýpst verði á samkomulagi um lausn á Evrópumálunum í viðræðum flokkanna um áframhaldandi stjórnarsamstarf.

Formenn og varaformenn flokkanna ræddust við á þriggja stunda löngum fundi á heimili Jóhönnu Sigurðardóttur í vesturbæ Reykjavíkur í gær og lögðu línur fyrir frekari viðræður næstu daga.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var fyrst og fremst rætt um praktísk mál en hvorki um hugmyndafræði né áherslur. Þó var tæpt á nokkrum málum, til dæmis Evrópumálum, umhverfismálum og breytingum á stjórnarráðinu og þau, ásamt öðrum, sett í viðræðuáætlun.

Fyrir liggur vilji beggja flokka til að stokka upp verkaskiptingu ráðuneyta og er í því efni horft til sameiningar iðnaðarráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og færslu allra verkefna er lúta að efnahagsmálum úr þremur ráðuneytum, eins og nú er, í eitt.

Lausn efnahagsvandans verður meginverkefni nýrrar ríkisstjórnar en Samfylkingin og VG vilja nálgast það með ólíkum hætti. Samfylkingin leggur ríka áherslu á að hið fyrsta verði sótt um aðild að Evrópusambandinu og hefur þá trú að við það eitt vænkist staða lands og þjóðar.

VG lítur á hinn bóginn svo á að nauðsynlegt sé að grípa til margvíslegra efnahagsaðgerða á fyrstu starfsvikum nýrrar stjórnar. Ekki stoði að bíða eftir niðurstöðum viðræðna flokkanna um leiðir í ESB-málinu. Það mál sé enda algjörlega óútkljáð. Þingmenn og forystumenn beggja flokka eru bjartsýnir á að framhald verði á stjórnarsamstarfinu.

Í herbúðum beggja er þó lýst áhyggjum af Evrópumálunum sem kunni að verða ásteytingarsteinn. Benda Samfylkingarmenn á að þeir geti hæglega snúið sér annað við myndun ríkisstjórnar en VG-liðar segja fylgisaukningu sína til marks um ríkan vilja til að hafa flokkinn áfram við stjórnvölinn.

Nýir þingflokkar stjórnarflokkanna koma saman til fundar í dag og mun Jóhanna Sigurðardóttir ganga að hálfu loknum á fund forseta Íslands og upplýsa hann um stöðu mála. - bþs / sjá síðu 4 til 10

**SAMFYLKINGIN STÆRST**

Í fyrsta sinn í áttatíu ára sögu Sjálfstæðisflokksins nýtur hann ekki mests fylgis.




Röð á listum gæti enn breyst:

## Mikið strikað út í borginni

**KOSNINGAR** Útstrikanir á kjörseðlum í höfuðborgarkjördæmunum þremur hlaupa á þúsundum í hverju kjördæmi. Það mun skýrast í dag hvort útstrikanirnar þar hafa áhrif á röð frambjóðenda á listum. „Það eru gífurlega miklar útstrikanir,“ segir Sveinn Sveinsson, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Í Suðurkjördæmi færist Árni Johnsen að öllum líkindum niður um eitt sæti á lista Sjálfstæðisflokksins vegna útstrikana en heldur þingsæti sínu. - gar / sjá síðu 8

Berserkur í Bessastaðakirkju:

## Skemmdi forna kertastjaka

**LÖGREGLUMÁL Margra alda gamlir kertastjakar og steindir gluggar eftir landsþekkta listamenn eru meðal þess sem skemmdist þegar maður í annarlegu ástandi gekk berserksgang í Bessastaðakirkju í gær.**

**Tjónið hefur enn ekki verið metið en vonast er til þess að hægt verði að laga skemmdirnar. Ekki er vitað hvað manninum gekk til, en hann var handtekinn á staðnum.** - sh / sjá síðu 2

Víða fylgst með gangi mála:

## Bein útsending á Al-Jazeera

**KOSNINGAR** Tugir fjölmiðlamanna frá minnst tuttugu erlendum miðlum voru hér á landi og sögðu fréttir af kosningunum.

Utanríkisráðuneytið var þeim blaðamönnum sem þess óskuðu innan handar.

Blaðamennirnir voru frá Norðurlöndunum, öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum. Þá voru hér einir fimm japanskir blaðamenn og breska útgáfa arabísku sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazeera sendi út beint. - hhs










**SPURNING DAGSINS**



*Daði, var stuð?*

„Það hefði örugglega verið meira stuð ef Ástþór hefði mætt.“

Daði Pétursson er eigandi sportbarsins Classic Rock í Ármúla, en þar hélt Lýðræðishreyfingin kosningavöku á laugardagskvöld. Samkvæmt Daða lét Ástþór sjá sig í upphafi kvölds en skilaði sér ekki til baka eftir sjónvarpsviðtal á Stöð 2, fylgismönnum sínum til nokkurrar gremju.

Landlæknisembættið fylgist með svínaflensunni í Mexíkó sem hefur orðið áttatíu manns að bana:

# Möguleiki talinn á heimsfaraldri

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum að afla upplýsinga og fylgjast með, en eins og málum er háttað er ekki búið að breyta áhættumatinu. Það eru engin tilmæli um ferðatakmarkanir og við erum bara á sama stigi og þegar varað var við fuglaflensunni,“ segir Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu, um hugsanlegan svínaflensufaraldur.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin varaði í gær við mögulegum heimsfaraldri svínaflensu, en ríflega þúsund tilfelli hafa greinst í Mexíkó síðan í mars og sjúkdómurinn hefur dregið rúmlega 80 manns til dauða. Ellefu manns í



**ÓBREYTT ÁHÆTTUMAT** Haraldur segir engin tilmæli hafa borist um ferðatakmarkanir.

Bandaríkjunum hafa greinst með flensuna, en enginn látist og átta skólabörn í New York eru í frekari rannsóknum vegna hugsanlegs smits.

Svínaflensa er öndunarfærasjúkdómur í svínum. Óalgengt er að veiran smitist úr svínum í menn, en það hefur þó gerst í nokkrum tilfellum. Flensan sem er nú að breiðast út er hins vegar blanda af svínaflensu, hefðbundinni inflúensu og afbrigði fuglaflensu sem hefur hvorki greinst í mönnum né svínum áður. „Þegar þeir voru að finna þessa veiru í fólki voru engin tengsl manna við svín svo þetta var greinilega að berast manna á milli, sem er óvenjulegt og lyfti brúnum manna,“ útskýrir Haraldur. „Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna er að leggja drög að því að búa til bóluefni sem virkar á þessa veiru, en það er álitamál hvort okkar inflúensubóluefni virkar á þennan stofn. Þangað til treystum við á lyf eins og Tamiflu og Relenza sem virka vel,“ bætir hann við.

„Við erum tilbúin til að breyta okkar áætlunum og grípa til ráðstafana við heimkomu Íslendinga frá áhættusvæðum eins og Mexíkó ef þess þarf. Það eru allir að gera sitt besta til að fá botn í þetta og við látum vita um leið og eitthvað kemur í ljós,“ segir Haraldur, en upplýsingar má nálgast á heimasíðu Landlæknisembættisins. **- ag**

Skemmtiferðaskip í hættu:

## Yfirbuguðu sjóræningja

**ÍTALÍA** Ítalska skemmtiferðaskipið Melody var hætt komið þegar sómalískir sjóræningjar gerðu tilraun til að yfirtaka það undan ströndum Sómalíu seinnipart laugardags.

Skipstjórinn, Ciro Pinto, greindi fréttastofu BBC frá atvikinu, en sex ræningjar nálguðust skipið á hraðbát, skutu á það um 200 sinnum og reyndu að klifra um borð. Öryggisverðir hleyptu þá af skotum út í loftið til að hræða ræningjana og tóku einnig að sprauta á þá vatni. Nokkrir farþeganna um borð slógust þá í leikinn og tóku að henda stólum í ræningjana, sem að lokum gáfust upp og flúðu. Enginn særðist í átökunum, en um 1.500 manns voru um borð í Melody þegar atvikið átti sér stað. **- ag**

Lenti í sjálfheldu á Vífilsfelli:

## Bjargað kaldri og hræddri um borð í þyrlu

**FÓLK Nítján ára stúlku var bjargað úr sjálfheldu ofarlega í Vífilsfelli um áttaleytið í gærkvöldi. Að sögn Jónasar Guðmundssonar í aðgerðastjórn björgunarsveita var stúlkan orðin köld og hrædd þegar hún fannst en hún hringdi eftir hjálp um fimmleytið.**

**„Stúlkan var ein á ferð og labbaði venjulegu leiðina á Vífilfell en fór niður aðra leið sem hún fór út af og lenti í sjálfheldu. Við vorum lengi í símasambandi við hana og hún reyndi að lýsa aðstæðum þar til rafhlaðan í farsímanum hennar rann út,“ segir Jónas.**

**Stúlkunni var svo bjargað um borð í þyrlu en sigmaður björgunarsveitarinnar hífði hana um borð.** **- ag**



**MÁVANESIÐ** Ekki liggur fyrir hvort hjónin urðu fyrir valinu af tilviljun einni saman eða hvort ræningjarnir höfðu skipulagt hvar þeir hygðust banka upp á - og ryðjast síðan inn. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

# Rændu gömul hjón og skáru á símalínur

**Grímuklæddir menn ruddust inn á heimili eldri hjóna á Arnarnesi og héldu þeim í gíslingu. Þeir hótuðu að myrða hjónin með hnífum og rændu meðal annars hringum af fingrum konunnar. Okkur líður ágætlega, segir maðurinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Okkur líður ágætlega,“ segir Jón Hannesson, 85 ára læknir, sem varð fyrir árás tveggja manna, sem vopnaðir voru hnífum, á heimili sínu á Arnarnesi í fyrrakvöld. Honum og 73 ára konu hans var haldið í gíslingu af grímuklæddum mönnum í hátt í hálfa klukkustund á meðan þeir létu greipar sópa. Jón baðst undan því að tjá sig frekar um málið í gær, sagði það afar viðkvæmt og vísaði á lögregluna eftir frekari upplýsingum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu bönkuðu mennirnir upp á heima hjá hjónunum í Mávanesi á tólfta tímanum á laugardagskvöld, þegar kosningasjónvarp RÚV stóð sem hæst. Þegar konan kom til dyra mættu henni tveir grímuklæddir menn með hnífa. Annar þeirra réðst á hana og fleygði í gólfið og ruddist inn. Konan lemstraðist við árásina.

Mennirnir voru klæddir í hettupeysur með klúta fyrir vitum sér og hótuðu hjónunum lífláti ef þau létu ekki alla fjármuni sína af hendi. Þeir héldu hjónunum síðan í gíslingu í 20 til 25 mínútur á meðan þeir stálu ýmsum munum úr húsinu. Allan tímann dundu hótanir um líflát og líkamsmeiðingar á hjónunum.

Meðal þess sem ræningjarnir stálu var upptökuvél, fartölva, farsímar, seðlaveski með 60 þúsund krónum og hringar af fingrum konunnar. Áður en mennirnir hurfu út í myrkrið skáru þeir á símalínur svo fólkið gæti ekki haft samband við lögreglu. Hjónunum tókst hins vegar að finna gamlan síma sem þau gátu sett í samband. Úr honum hringdu þau á hjálp.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun voru mennirnir ófundnir en allt kapp lagt á að hafa hendur í hári þeirra, enda málið litið mjög alvarlegum augum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir málið nær fordæmalaust hér á landi. „Ég man ekki eftir því að áður hafi verið ruðst svona inn á blásaklaust fólk og svona aðfarir viðhafðar,“ segir hann. Friðrik segir að „engin spurning“ sé um að farið verði fram á gæsluvarðhald þegar og ef mennirnir nást.

Mennirnir eru 18 til 24 ára. grannvaxnir, um 180 sentimetrar á hæð, íslenskir og voru dökkklæddir þegar árásin átti sér stað. Lögregla hvetur þá sem urðu varir við grunsamlegar mannaferðir á Arnarnesi á laugardagskvöld að hafa samband.

**stigur@frettabladid.is**

### GÆTU FENGIÐ MARGRA ÁRA FANGELSI

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að mennirnir hafi með athæfi sínu gerst sekir um brot gegn fjölmörgum hegningarlögum. Meðal þeirra eru:

- Húsbrot
- Líkamsárás
- Hótanir
- Frelsissvipting
- Rán

Friðrik segir erfitt að gera sér í hugarlund hver refsingin yfir mönnunum verður, en segir ljóst að þeir gætu átt yfir höfði sér nokkurra ára fangelsisvist.



**MÓÐIR, BARN OG HERMAÐUR** Um fimmtíu þúsund óbreyttir borgarar eru sagðir í sjálfheldu á milli tamiltígra og stjórnarhersins á Srí Lanka. MYND/GETTYIMAGES

Uppreisnarmenn á Srí Lanka:

## Boða vopnahlé

**SRI LANKA Uppreisnarmenn tamiltígra, sem barist hafa við stjórnarher Srí Lanka í norðausturhluta landsins, lýstu einhliða yfir vopnahléi í gærdag.**

**Stjórnvöld á Srí Lanka taka ekki mark á vopnahléinu og segja algjöra uppgjöf tígranna eina kostinn í stöðinni.**

**Uppreisnarmennirnir höfðu í gær verið króaðir af á tólf ferkílómetra svæði. Sameinuðu þjóðirnar segja um fimmtíu þúsund óbreytta borgara í sjálfheldu í miðri átakalínu hópanna tveggja.** **- hhs**

Kosning á Norðurlandi:

## Grímsey sameinast Akureyri

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Sameining sveitarfélaganna Akureyrar og Grímseyjar var samþykkt með nokkrum meirihluta í atkvæðagreiðslu á laugardag. Kosningin fór fram samhliða kosningum til Alþingis.

Kosið var á báðum stöðum á laugardag. Var sameining samþykkt með 69 prósentum atkvæða á Akureyri og 88 prósentum atkvæða í Grímsey.

Um 17.500 íbúar búa á Akureyri en Grímseyingar eru um níutíu talsins. Þegar mest var bjuggu um 120 í eynni. **- kg**






Karlmaður handtekinn á Bessastöðum eftir að hafa gengið berserksgang:

# Braut og bramlaði fornminjar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn yfirbuguðu og handtóku mann í annarlegu ástandi við Bessastaðakirkju í gær. Maðurinn hafði gengið berserksgang í kirkjunni, brotið glugga og eyðilagt kirkjumuni.

Ekki liggur fyrir hvað manninum gekk til, en talið er að hann hrjái andleg veikindi. Messu var nýlokið í kirkjunni þegar hann bar að garði. Enginn var í kirkjunni þegar hann fór inn.

Að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritara braut maðurinn nokkrar rúður í fjórum steindum gluggum eftir listamennina Finn Jónsson og Guðmund Einarsson. Þá skemmdi hann margra alda gamla kertastjaka. Vonast er til þess að hægt sé að laga munina.

Maðurinn var færður í fangageymslur og er búist við að hann verði yfirheyrður í dag.

Umfang tjónsins liggur ekki fyrir. Tæknideild lögreglunnar var að störfum þar í gær og til stendur að leggja nánara mat á tjónið í dag.

Bessastaðakirkja hefur staðið í núverandi mynd frá árinu 1796 og er hún meðal elstu steinbygginga á Íslandi. Sumir munirnir í kirkjunni eru töluvert eldri. Talið er að kirkja hafi staðið á Bessastöðum í um eitt þúsund ár. **- sh**



**HANDTEKINN** Ekki er vitað hvað manninum gekk til. Hann streittist á móti við handtöku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Kveiktu á verðinu!

Öllum símatilboðum Nova fylgir
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði.
Tilboðin gilda í áskrift og frelsi.
Taktu númerið með þér og skiptu núna!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**Netið í símann**
**0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.**
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.



**3.900kr.** útborgun

**Nokia 5320**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.

Litur: Svartur/rauður
og svartur/blár



Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

DAGUR & STEINI

# Stjórnarflokkarnir fengu skýrt umboð

**Ríkisstjórnarflokkarnir hafa fimm manna þingmeirihluta. Þingmönnum þeirra og Framsóknarflokksins fjölgaði. Borgarahreyfingin fékk fjóra menn. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði níu mönnum og Frjálslyndir þurrkuðust út.**

Ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylkingin og VG, fengu skýrt umboð kjósenda til áframhaldandi samstarfs í kosningunum á laugardag.

Báðir flokkar bættu við sig fylgi og þingmönnum og hafa fimm manna meirihluta á þingi. Fylgi Samfylkingarinnar, sem er stærsti flokkurinn á þingi, jókst um þrjú prósent frá kosningunum 2007 og þingmönnum hennar fjölgaði um tvo, úr átján í tuttugu.

Fylgi VG jókst um 7,4 prósent og þingmönnunum fjölgaði úr níu í fjórtán.

Framsóknarflokkurinn bætti einnig við sig fylgi. Það jókst um 3,1 prósent frá 2007 og þingmönnunum fjölgaði úr sjö í níu.

Borgarahreyfingin, sem bauð fram í fyrsta sinn, fékk 7,2 prósent og fjóra menn kjörna.

Sjálfstæðisflokkurinn tapaði gríðarlegu fylgi og hlaut sögulega lélega kosningu. Flokkurinn hlaut 23,7 prósent atkvæða en fékk 36,6 prósent fyrir tveimur árum. Þingmannafjöldinn hrundi úr 25 mönnum í sextán.

Frjálslyndi flokkurinn, sem fékk 7,3 prósent og fjóra menn 2007, hlaut aðeins 2,2 prósent í kosningunum nú og þurrkaðist út af þingi.

Fylgi Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og VG jókst í öllum kjördæmum. Mest var aukningin hjá Vinstri grænum í Norðausturkjördæmi, rúm tíu prósent. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði alls staðar, og var tapið mest, um fimmtán til sextán prósent, í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi.

### Landið allt




### Norðvestur




### Norðaustur




### Suðvestur




### Reykjavík norður




### Reykjavík suður




### Suður




## STÆRSTA STUNDIN Á ÞRJÁTÍU ÁRA FERLI



„Úrslitin eru stærsta stund í mínu lífi á þrjátíu ára ferli," segir Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Þetta er stórkostlegt. Draumur okkar jafnaðarmanna um að verða stærsti flokkurinn á Íslandi var þarna að rætast. Það skiptir mjög miklu máli í þessu breytta landslagi að félagshyggju- og jafnaðarflokkar eru komnir hér í meirihluta. Það var líka ánægjulegt að konum er að stórfjölga á þingi," segir Jóhanna sem nú segir viðræður við Vinstri græna um framhald stjórnasamstarfsins bíða. „Það er alveg ljóst að Evrópusambandsmálin verða erfið en við ætlum að reyna að leysa þau. Vonandi sjáum við til lands í því sem allra fyrst." - gar

## LEGGJA MIKIÐ Á SIG TIL AÐ HALDA ÁFRAM



„Úrslitin eru fyrir Sjálfstæðisflokkinn að mestu í samræmi við kannanir," segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Vinstri grænir eru að fá minna en kannanir sögðu til um en eru samt að vinna mikinn kosningasigur að mínu áliti."

Bjarni segir ekki gott að segja nákvæmlega til um framhaldið. „Það verður spennandi að sjá hvernig stjórnarmyndunarviðræðurnar þróast. Þar er augljóst að Evrópusambandsmálið er sá ásteytingarsteinn sem fyrirsjáanlegur var fyrir helgi. Ég efast ekki um að þeir munu leggja mikið á sig til að halda þessu samstarfi áfram," segir Bjarni. Hann telur ólíklegt á þessari stundu að Sjálfstæðisflokkurinn komi að ríkisstjórnarborðinu. - gar

## GLÆSILEGUR SIGUR OKKAR



„Úrslitin eru glæsilegur sigur okkar. Aðrar kosningarnar í röð erum við stærsti sigurvegarinn," segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Steingrímur segir gríðarlega sveiflu hafa orðið til vinstri. „Nú er möguleikinn á sterkri vinstri stjórn, með hreinan meirihluta á bak við sig, til staðar í fyrsta skipti í okkar stjórnmálasögu. Framhaldið er það að við ætlum að setjast niður og ræða málin, núverandi samstarfsflokkar, og við munum ganga vasklega í það. Við göngum með bjartsýni til viðræðna og ætlum okkur að sjálfsögðu að ná árangri og niðurstöðu." - gar

## EKKERT STJÓRNARMYNSTUR BORÐLIGGJANDI



„Ég er ánægður með niðurstöðuna hjá okkur. Ég er hins vegar ekki ánægður með að vinstriflokkarnir hafi haldið meirihluta," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann segir erfitt að sjá besta kostinn í stöðunni núna. „Það er ekkert stjórnarmynstur borðliggjandi eins og staðan er núna. Vinstri flokkarnir virðast ekki vera að ná saman með Evrópumálin og mér sýnist þeir munu ekki gera það, miðað við yfirlýsingar beggja flokka. En mér sýnist úrslit kosninganna vera þannig að Framsókn lendi í stjórnarandstöðu. Við reynum þá bara að vera uppbyggilegur stjórnarandstöðuflokkur." - hhs

## SIGUR FYRIR ALMENNING Í LANDINU



„Að almenningur skuli hafa tekið sig saman og náð 7,2 prósenta fylgi á níu vikum er náttúrulega bara sigur fólksins," segir Birgitta Jónsdóttir, talsmaður Borgarahreyfingarinnar. „Ég er sannfærð um að okkar raddir munu hafa mikil áhrif á þinginu. Við ætlum ekki að láta stjórnmálaskóla þingsins spilla okkur."

Birgitta segir mikilvægast að nú fari þingheimur að vinna betur saman. „Við verðum að einbeita okkur að því sem við getum verið sammála um, frekar en að fara alltaf í skotgrafirnar. Þjóðin þolir ekki meira af þeim." - hhs

## MUNUM LEGGJA LÍNUR TIL FRAMTÍÐAR



„Úrslitin eru auðvitað svekkjandi fyrir okkur. Vissulega hefðum við viljað ná miklu betri árangri," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sem fékk síðast fjóra menn kjörna á þing en engan þingmann í kosningum á laugardaginn.

„Framhaldið hjá okkur er að stofnanir flokksins fjalla um stöðuna. Við munum gera það á fimmtudaginn í miðstjórn og við verðum einfaldlega að leggja okkar línur fyrir framtíðina, um það hvernig við ætlum að vinna þetta," segir Guðjón Arnar. - gar

## LÝÐRÆÐISHREYFINGIN KEMUR AFTUR



„Við fengum nánast engan aðgang að fjölmiðlum fyrr en síðustu dagana fyrir kosningarnar. Þannig að það var engin möguleiki að kynna okkur á jafnréttisgrundvelli," segir Ástþór Magnússon, formaður Lýðræðishreyfingarinnar. „Ef hér á að vera lýðræði er þetta eitthvað sem Íslendingar þurfa að laga - að hér sé óhlutdræg umfjöllun um hreyfingar og stjórnmálaöfl."

Ástþór segir að nú hafi þjóðin afsalað sér fullveldinu út kjörtímabilið. „Einhvern tíma mun þjóðin vakna við það að hún vill geta gert meira en að berja búsáhöld. Hún vill geta tekið þátt í lýðræðinu inni á Alþingi, þannig að Lýðræðishreyfingin hlýtur að koma aftur." - gar

Auður Capital kynnir

FRAMTÍÐARAUÐUR
SÉREIGN

Við hvetjum þig til að standa vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn.

Kynningarfundur mánudaginn 27. apríl kl 17:15 í fundarsal Maður lifandi, Borgartúni 24.

Allir velkomnir

AUÐUR CAPITAL

585-6500 | audur.is



## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HLÝINDI**

Segja má að yndislegt veður verði á landinu í dag. Á morgun bætir í vind, einkum sunnan og vestan til með rigningu sunnan til og vestan. Hlýtt verður þó í veðri. Svipaða sögu er að segja um miðvikudaginn nema að líkindum verður úrkoman slitróttari og vindur heldur stífari sunnan og vestan til. Almennt eru kortin hlý þessa viku en frekar vætusöm syðra.




Á MORGUN 10-15 m/s sunnan og vestan til annars 3-8 m/s

MIÐVIKUDAGUR 10-18 m/s hvassast sunnan og vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 20° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| New York | 28° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 20° |
| París | 14° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu
www.das.is
BMW
DAS
6 stk.
BMW 318i
+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
eða
5,2 milljónir
beint í vasann
+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
17 stk.
Vespa LX 125
+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!
eða
500 þúsund
beint í vasann
+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
dregið viku-lega!
52 útdrættir á árinu!
60 milljónir á mánuði
Nýtt happdrættisár hefst í maí.
Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

2009

ÖSE gagnrýnir ójafnt atkvæðavægi milli kjördæma:

# Allt gekk eins og við var búist

„Við bjuggumst við óheftum og lýðræðislegum kosningum, og sjálfur hef ég ekkert séð sem ekki stenst þær vonir," segir Geert Heinrich Ahrens, yfirmaður kosningaeftirlits Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) hérlendis.

Tíu fulltrúar ÖSE fylgdust með framkvæmd alþingiskosninganna um allt land á laugardag. Slíkt eftirlit er afar smátt í sniðum, að sögn Ahrens.

„Okkar hlutverk var í raun að kanna hvort niðurstöður kosninganna endurspegli raunverulegan vilja þjóðarinnar, og ég get ekki séð að nokkuð hreki það," segir Ahrens.

Ahrens nefnir þó ójafnt atkvæðavægi á milli kjördæma sem eitt af þeim atriðum sem þarf að leysa úr. „Þetta er eitthvað sem Íslendingar hafa unnið að í áratugi og það er stöðug umræða hér um atkvæðajafnvægið," segir hann. „Eðlilegast væri að hver kjósandi myndi vega jafnt við útreikning á þingsætum," segir Ahrens.



**ALLT Í SÓMA** Ahrens, til hægri, ásamt félaga sínum úr eftirlitsteyminu, ræðir við starfsmenn kjörstjórnar í Ráðhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann tekur þó fram að þetta sé einungis almenn athugasemd. Það sé alfarið í höndum íslenskra stjórnvalda að ákveða hvort breytingar verða gerðar á kerfinu, til dæmis hvort sameina eigi öll kjördæmin í eitt. „Það er einn mikilvægasti réttur hvers sjálfstæðs ríkis að ákveða sjálft hvers konar kosningakerfi er notað." - sh

Vilhjálmur Egilsson, formaður Samtaka atvinnulífsins:

# Skýr krafa um ESB-viðræður

„Það er kominn þingmeirihluti fyrir því máli, þannig að ég sé ekki hvernig krafan gæti orðið skýrari," segir Vilhjálmur Egilsson, spurður hvort hann teldi niðurstöðu kosninganna fela í sér kröfu um aðildarviðræður við ESB.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

Vilhjálmur segir nýja ríkisstjórn standa frammi fyrir þremur málum öðrum brýnni fyrir atvinnulífið. „Í fyrsta lagi þarf að lækka vexti. Í öðru lagi að koma bankakerfinu í gang svo bankarnir verði nógu burðugir til að þjóna íslensku atvinnulífi. Í þriðja lagi þarf að afnema gjaldeyrishöftin." - hhs

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ:

# Brýnt að hefja viðræður fljótt

„Það er alveg ljóst að kallað er eftir því að farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið og niðurstaðan verði lögð fyrir dóm þjóðarinnar," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Velgengni Samfylkingarinnar og afhroð Sjálfstæðisflokksins undirstrikar það."

Hann segir brýnt að ný ríkisstjórn setjist niður með aðilum vinnumarkaðarins sem allra fyrst til að „varða leiðina inn í stöðugleikann og út úr atvinnuleysinu". Umsókn að Evrópusambandinu og upptaka evru geti verið mikilvægur þáttur í þeirri vinnu. - hhs



**GYLFI ARNBJÖRNSSON, FORSETI ASÍ** Segir niðurstöður kosninga sýna að tími sé kominn til að hefja aðildarviðræður við ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



LANDSLÖG
SLYSABÆTUR
Sími: 520 2900
landslog.is

# KJÖRNIR ÞINGMENN Í NÝAFSTÖÐNUM KOSNINGUM

Meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna






Way of Life!

SUZUKI

# SUZUKI
## fyrir skynsamt fólk

**SX4 Sportjepplingurinn.**
**Með 1.6 eða 2.0 l vél**




Verð frá 2.990.000
Meðaleyðsla frá 7,1 l/100 km

**Fjölskyldubílinn Grand Vitara.**
**Sport, Limited, Luxury V6, Sport og Limited diesel**




Verð frá kr. 3.840.000
Meðaleyðsla frá 7,7L/100km (diesel)

**Sparaðu með visthæfum**
**Suzuki Splash**




Verð frá 1.970.000
Meðaleyðasla frá 4,9L/100km

**Swift - bensín eða diesel.**
**Handskiptur, sjálfskiptur,4x4**
**1,3L eða 1,5L vélar**



Verð frá 2.190.000
Meðaleyðsla frá 4,5 L/100km (diesel)

**Upplifðu einstaka**
**aksturseiginleika Jimny.**
**Handskiptur, sjálfskiptur**




Verð frá kr. 2.590.000
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km

**Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.**

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Jan. 09

X 2009

## BLOGGAÐ UM ÚRSLITIN

### Skipstjórinn hlustaði ekki

„Það er alveg með ólíkindum að Frjálslyndi flokkurinn, saklaus með sín góðu stefnumál, skuli ekki hafa náð að sækja fram. En þegar skipstjórinn siglir upp í fjöru án þess að hlusta á stýrimanninn sem sér að það er enginn sjór lengur fyrir framan skipið, þá kann það ekki góðri lukku að stýra.“

Magnús Þór Hafsteinsson, aðstoðarmaður formanns Frjálslynda flokksins.

### Einkennileg túlkun

„Nú keppast allir kratar í fjölmiðlastétt við að túlka niðurstöðu kosninganna þannig að þjóðin heimti að gengið verði í ESB. Það finnst mér einkennileg túlkun.“

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins (í leyfi).

### Einbeittur spunavilji

„Það þarf ansi einbeittan spunavilja til að túlka úrslit kosninganna sem sigur Samfylkingarinnar. Af þeim flokkum sem bættu við sig fylgi er Samfylkingin í 4. sæti.“

Friðjón R. Friðjónsson.

### Fáránleg ákvörðun

„Sjálfstæðisflokkurinn fær þó þegar upp er staðið, heldur skárri niðurstöðu en svörtustu spár gerðu ráð fyrir. Ég hygg að flokkurinn sé einnig að gjalda fyrir að læsa sig inni í fáránlegri ákvörðun landsfundar varðandi Evrópumálin.“

Dögg Pálsdóttir, fyrrv. varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

# Miklar útstrikanir hjá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki

**Árni Johnsen fellur um eitt sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi vegna útstrikana. Mikið var einnig strikað út í Reykjavík og í Suðvesturkjördæmi. Það skýrist í dag og á morgun hvort röð frambjóðenda í þessum kjördæmum breytist en nöfn voru strikuð út á mörg þúsund atkvæðaseðlum.**

**STJÓRNMÁL** „Samkvæmt okkar útreikningum fellur Árni Johnsen niður um eitt sæti en það er þá landskjörstjórnar að skera endanlega úr um það,“ segir Karl Gauti Hjaltason, formaður yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi.


BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON


ÁRNI JOHNSEN

Að sögn Karls voru útstrikanir á Árna rúmlega eitt hundrað fleiri en þurfti til að færa hann úr öðru sæti í það þriðja á lista Sjálfstæðisflokksins. Árni sest engu að síður á Alþingi að nýju þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk þrjá þingmenn í kjördæminu. Þá segir Karl að um átta prósent af kjósendum Samfylkingar hafi gert breytingar við nafn Björgvins G. Sigurðssonar, fyrrverandi viðskiptaráðherra úr Samfylkingu. Til þess að frambjóðandi færist niður um eitt sæti þurfa tuttugu prósent kjósenda þess lista að strika út nafn hans.

„Það eru gífurlega miklar útstrikanir,“ segir Sveinn Sveinsson, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður. Að sögn Sveins hlaupa atkvæði með útstrikunum á þúsundum í kjördæminu.

„Það virðast vera álíka margar útstrikanir hjá stærstu flokkunum þremur,“ segir Sveinn sem kveður aukalið verða kallað saman til að fara yfir þessa atkvæðaseðla í dag. Alls kusu 36.926 í Reykjavík suður.

Erla Svanhvít Árnadóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi norður, segir að þar hafi um fjórtán prósent atkvæða verið með útstrikunum. Það gerir um fimm þúsund atkvæði af alls 36.400 atkvæðum í kjördæminu. „Flestar útstrikanir voru hjá Samfylkingu og næstflestar hjá Sjálfstæðisflokki,“ segir Erla. Hún telur ólíklegt að það náist að greiða úr útstrikuðu atkvæðunum í dag.

Í Suðvesturkjördæmi voru einnig þúsundir atkvæða með útstrikunum. Jónas Þór Guðmundsson, formaður yfirkjörstjórnar, segir þær hafa verið flestar hjá Samfylkingu og Sjálfstæðisflokki en talsvert færri hjá Vinstri grænum. Jónas segist ekki geta fullyrt hvort um sé að ræða nægilegan fjölda útstrikana til að breyta röð frambjóðenda en telur það munu skýrast í dag.

Í Norðausturkjördæmi var lítið um útstrikanir. Að sögn Ingu Þallar Þórgnýsdóttur, formanns yfirkjörstjórnar, voru nöfn Kristjáns Þórs Júlíussonar úr Sjálfstæðisflokki og Birkis Jóns Jónssonar úr Framsóknarflokki strikuð út á 200 til 300 seðlum hvort nafn. Þá hafi nafn Kristjáns Möllers, samgönguráðherra úr Samfylkingu, verið strikað út um 170 sinnum.


**ALÞINGI** Enn er óvissa um hvort röð frambjóðenda í alþingiskosningunum breytist í Reykjavíkurkjördæmunum og í Suðvesturkjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ingibjörg Hafstað í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis segir útstrikanir þar hafa verið langt frá því nógu margar til að breyta röðum á framboðslistum. Þeir frambjóðendur sem hafi verið mest strikaðir út séu Ólína Þorvarðardóttir hjá Samfylkingu, Jón Bjarnason hjá Vinstri grænum og sjálfstæðismennirnir Einar K. Guðfinnsson og Ásbjörn Óttarsson.

gar@frettabladid.is




Grand Polska

PÓLSKUR MATSEÐILL

**á Grand Hóteli Reykjavík dagana 27. apríl–3. maí**

Nú er tíminn fyrir nýja menningarstrauma. Grand Hótel fær **Robert Maklowicz** í heimsókn. Maklowicz, sem er þekktur sjónvarpskokkur, setur saman matseðil fyrir pólska daga og stefnan er tekin á ekta pólska stemningu.

**PÓLSKIR DAGAR** verða haldnir á Grand Hóteli þessa daga í samvinnu við pólska sendiráðið. Dagskráin er fjölbreytt og má þar nefna teiknimyndir, bíómyndir, jazz tónleika, klassíska tónleika, markað og margt fleira. Hægt er að skoða dagskrána nánar á **www. grand.is**.

POLSKI TYDZIEN
PRZYJDZ I BAW SIE DOBRZE. OFERUJEMY WIELE ATRAKCJI
POLSKA MUZYKA, FILMY ORAZ JEDZENIE ZROBIONE PRZEZ
ROBERTA MAKŁOWICZA.
SPRAWDZ NASZA STRONE INTERNETOWA.

**Bókanir í síma 514 8000**
**eða á veitingar@grand.is**

BRASSERIE grand
SIGTÚNI 38
www. GRAND.IS

Næst


## Fylgi flokka í kosningum síðan 1983




Prófessor í stjórnmálafræði rýnir í niðurstöðurnar:

# Vinstri sveiflan mestu tíðindin

Það að vinstriflokkarnir séu með meirihluta á þingi fyrsta sinn er stærsta fréttin eftir kosningar helgarinnar. Þetta er mat Gunnars Helga Kristinssonar stjórnmálafræðings.

„Þessi tilfærsla á fylgi yfir á vinstriflokkana er í raun uppgjör kjósenda við bankahrunið,“ segir Gunnar Helgi. „Og helsta niðurstaða númer tvö er síðan spegilmynd af þessari: Versta útkoma Sjálfstæðisflokksins frá upphafi.“

Sjálfstæðisflokkurinn er minni en nokkru sinni fyrr; með einungis 23,7 prósent. Næstminnst hefur hann fengið 27,2 prósent árið 1987, en þá hafði Albert Guðmundsson klofið sig úr flokknum og stofnað Borgaraflokkinn sem fékk nokkuð fylgi.

Meginsigurverar kosninganna eru Vinstri græn og Borgarahreyfingin, segir Gunnar Helgi. Bæði framboðin auki fylgi sitt um ríflega sjö prósentustig, annað raunar úr engu. Samfylkingin megi vissulega vel við una og hafi fengið fína kosningu en þó sé sigur hennar einkum fólginn í því að vera orðinn stærsti flokkur landsins.

Framsóknarflokkurinn vinnur á í fyrsta sinn síðan 1995, sem hlýtur að vera gleðiefni fyrir þá, segir Gunnar Helgi. „En það er samt langt frá því að flokkurinn sé búinn að ná sér.“


**PRÓFESSOR GUNNAR** Versta útkoma Sjálfstæðisflokks í sögunni er hin hliðin á peningi vinstri sveiflunnar. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Þá segir Gunnar Helgi einnig athyglisvert hversu skýrt kjósendur virðast hafa svarað kallinu um endurnýjun. Mikil endurnýjun verði á þingliðinu, sem sé einkum forvitnilegt í því ljósi að mikil endurnýjun hafi einnig átt sér stað í kosningunum fyrir tveimur árum. Nú sé sú staða því uppi í fyrsta sinn að einungis lítill hluti þingmanna hafi þingreynslu sem eitthvað kveður að.

Enn fremur sé sterk útkoma kvenna merkileg. Staða kvenna á Alþingi sé nú með því besta sem gerist í heiminum. Gunnar Helgi bendir jafnframt á að kjósendur virðist hafa uppgötvað útstrikanir sem tæki til að refsa þingmönnum sem ekki þykja hafa staðið sig nægilega vel. Hann sér ekki fram á annað en að sú þróun haldi áfram. - sh

# Kynntu þér nýjan bækling um Samvinnuna

Átaksverkefni Vinnumálastofnunar og atvinnulífsins um uppbyggingu Íslands.



## Hvernig virkar Samvinnan?

Fyrirtæki, sveitarfélög, stofnanir og frjáls félagasamtök geta fjölgað starfsmönnum með þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum. Atvinnurekandi ræður einstakling sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Atvinnurekandinn greiðir einstaklingnum laun samkvæmt gildandi kjarasamningum en á móti þeim greiðslum greiðir Vinnumálastofnun atvinnurekandanum grunnatvinnuleysisbætur einstaklingsins ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð.

Nánari upplýsingar er að finna í bæklingnum, á www.vinnumalastofnun.is og hjá viðkomandi þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar.

VINNUMÁLA
STOFNUN

PIPAR • SÍA • 90655

2009

Færri auðir seðlar en skoðanakannanir bentu til:

# Margir skiluðu auðu

Rúmlega þrjú prósent þeirra sem kusu á laugardag skiluðu auðu, eða 6.226 manns. Það eru fleiri en nokkru sinni fyrr. Í alþingiskosningum í maí árið 2007 skiluðu 1,4 prósent kjósenda auðu, eða 2.517 manns. Árið 2003 voru 1.879 seðlar auðir, eða eitt prósent.

Þeir voru þó mun færri sem skiluðu auðu en skoðanakannanir fyrir kosningar bentu til. Samkvæmt þeim mátti ætla að allt að tíu til fimmtán prósent myndu skila auðu.

„En þrátt fyrir að fleiri hafi skilað auðu er venjulega var kosningaþátttaka góð,“ segir Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur. Þeir sem skila auðu eru líka að taka þátt. Það er jákvætt því það grefur undan fulltrúalýðræðinu ef fólk nennir ekki einu sinni að mæta á kjörstað.“ **- hhs**

**KJÖRSÓKN, AUÐIR OG ÓGILDIR SEÐLAR**

| | 2003 | 2007 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Kjörsókn | 87,7% | 83,6% | 85,1% |
| Auðir | 1% | 1,4% | 3,2% |
| Ógildir | 0,2% | 0,2% | 0,3% |

Evrópusamtökin hrósa happi yfir úrslitunum:

# Mjög skýr skilaboð

„Við erum í sjöunda himni. Þetta eru mjög skýr skilaboð frá kjósendum um hvað þeir vilja gera,“ segir Andrés Pétursson, formaður Evrópusamtakanna.

Samfylkingin hafi fengið góða kosningu og hinn evrópusinnaði Framsóknarflokkur sömuleiðis. Þá sé ljóst að evrópusinnaðir sjálfstæðismenn hafi kosið þá flokka sem settu Evrópusambandsaðild á dagskrá.

Andrés metur stöðuna í þjóðmálunum þannig að það sé ábyrgðarhluti að leita ekki allra leiða til að sjá hvaða aðgerðir geti hjálpað Íslandi í þeim þrengingum sem uppi eru.

Um framhaldið spáir hann að stjórnarflokkarnir geti náð saman þrátt fyrir ólíkar áherslur í málaflokknum. „Ég held að Vinstri græn geti samþykkt að fara í viðræður án þess að brjóta eigin prinsipp því um leið og þau hafa sagst vera á móti telja þau að þjóðin eigi að ráða.“ **- bþs**

Heimssýn telur úrslitin ekki sýna aukinn ESB-áhuga:

# Misskilin túlkun

„Ég held að það sé afskaplega mikill misskilningur sem veður uppi að úrslitin sýni aukinn áhuga á Evrópusambandsaðild,“ segir Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar. „Það var aðeins Samfylkingin sem boðaði skýra aðild og hún er á svipuðu róli og í síðustu tvennum kosningum.“

Ragnar segir VG sigurvegara kosninganna og þá niðurstöðu megi allt eins túlka sem sigur fyrir andstæðinga Evrópusambandsaðildar. „Ég held því að staða þeirra sem ekki vilja ganga í ESB hafi síður en svo veikst,“ segir Ragnar.

Ragnar átelur álitsgjafa kosningavöku Sjónvarpsins. Skoðanir þeirra hafi verið einslitar og flestir túlkað niðurstöðurnar ESB-sinnum í hag. Þeir hafi miðað málflutning sinn við fyrstu tölur sem voru Samfylkingunni hagstæðar en ekki leiðrétt kúrsinn þótt fylgi flokksins hafi dalað eftir því sem leið á nóttina. **- bþs**


Fagor uppþvottavél



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

Fagor uppþvottavél
LJF-0310
5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52dB(A).
Stærð HxBxD 85x60x60.
Tilboð 89.900

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 90535


**KONUM FJÖLGAR Á ÞINGI**

Konum á Alþingi fjölgar úr 20 í 27 milli kosninganna nú og árið 2007.




**NÝLIÐUM FJÖLGAR**

27 setjast í fyrsta sinn á Alþingi eftir kosningarnar nú. Þeir voru 24 í kosningunum árið 2007.




**MEÐALALDUR LÆKKAR**

Meðalaldur þingmanna lækkar um þrjú ár milli kosninga, úr 50 árum í 47 ár. Meðalaldur karla lækkar úr 50 árum í 47 ár. Meðalaldur kvenna lækkar, úr 48 og hálfu ári í 46 og hálft ár. Meðalaldur nýrra þingmanna lækkar um fimm ár.




# Helmingur nýliða á Alþingi eru konur

**Alls 27 af 63 þingmönnum eru konur og hafa þær aldrei verið fleiri. Meðalaldur þingmanna lækkar úr 50 árum árið 2007 í tæp 47 ár nú. Ný þingkona Borgarahreyfingarinnar segir þingmannsstarfið ekki merkilegra en önnur störf.**

Alls þrettán af 27 nýliðum sem kosnir voru inn á Alþingi á laugardag eru konur. Nýafstaðnar kosningar skila 27 konum inn á þing, og hafa þær aldrei verið fleiri. Meðalaldur nýrra þingmanna lækkar um fimm ár, var 49 ár eftir síðustu alþingiskosningar árið 2007 en er nú 44 ár. Meðalaldur þingheims hefur lækkað úr 50 árum í 47 ár eftir kosningar laugardagsins.

### Breytinga er þörf

„Mér líst ágætlega á að vera komin á þing. En þetta er auðvitað bara vinna og ekkert merkilegra en önnur störf,“ segir Margrét Tryggvadóttir, nýkjörin þingkona Borgarahreyfingarinnar í Suðurkjördæmi. Margrét er ein af 27 nýjum þingmönnum, þar af þrettán konum, sem taka sæti á Alþingi eftir kosningarnar í fyrrinótt. Aldrei hafa fleiri konur setið á þingi, en þær verða 27 af 63 alls.


MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

Margrét vakti ekki lengi fram eftir á kosninganótt eins og margir aðrir frambjóðendur. „Ég sá að okkar fólk hafði náð mönnum inn og fór þess vegna snemma að sofa. Svo var ég reyndar vakin klukkan fimm um nóttina af fréttastofu RÚV sem vildi fá mig í viðtal, en ég fór bara að sofa aftur.“

Margrét er að vonum ánægð með árangur Borgarahreyfingarinnar, sem náði fjórum mönnum inn á þing um tveimur mánuðum eftir stofnun flokksins. Hún segist munu leggja höfuðáherslu á breytingar. „Þegar fótunum var kippt undan þjóðinni í haust börðust margir fyrir því að einhverjir ættu að axla ábyrgð og víkja. En þegar ný stjórn tók við sá ég strax að það átti ekki að breyta neinu. Þess vegna ákvað ég að taka þennan slag, til að venjulegt fólk fengi pláss á þingi og þær upplýsingar sem þingmenn fá,“ segir Margrét.

### Evrópumál í öndvegi

Magnús Orri Schram, einn níu nýliða Samfylkingar á þingi, segist þakklátur fyrir ötult starf tuga sjálfboðaliða í Suðvesturkjördæmi í kosningabaráttunni. „Þetta er mjög ánægjulegt. Það er mikilvægt að gildi jafnaðarstefnunnar verði ofan á og Evrópumálin verði lögð í dóm þjóðarinnar.“


MAGNÚS ORRI SCHRAM

### Stresslaus kosninganótt

Lilja Rafney Magnúsdóttir, ný þingkona Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi, segir kosninganóttina hafa liðið hjá að mestu stresslaust. „Við vorum allan tímann inni með tvo menn en svo kom þriðji maðurinn eins og rúsínan í pylsuendanum. Ég er stolt af mínum flokki og mun beita mér fyrir betri búsetuskilyrðum úti á landi og jöfnuði og réttlæti stétta,“ segir Lilja Rafney.


LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR

### Allir taki höndum saman

Ásbjörn Óttarsson, sem kemur nýr inn á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokk í Norðvesturkjördæmi, hafði einungis sofið í tæpa klukkustund þegar Fréttablaðið hafði samband við hann um miðjan dag í gær. „Ég er auðvitað ánægður að vera kominn á þing. Mestu máli skiptir þó að allur þingheimur, sama hvar menn standa í flokki, taki nú höndum saman og koma fyrirtækjum og heimilum í landinu til bjargar. Ég hef enga trú á að menn fari að þræta um pólitík á næstunni.“


ÁSBJÖRN ÓTTARSSON

### Himinlifandi með úrslitin

„Fyrstu tölur litu ekki nógu vel út en svo vænkaðist hagurinn. Margir hafa gefið út ótímabær dánarvottorð fyrir flokkinn en við erum himinlifandi með úrslitin á landsvísu,“ segir Guðmundur Steingrímsson, nýr þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Hann segir efnahagsaðgerðir einfaldlega verða að vera númer eitt, tvö og þrjú í þinginu á næstunni. „Manni finnst varla taka því að tala um eitthvað annað.“


GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

kjartan@frettabladid.is




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM



**TYLLIR SÉR** Þessi drengur tyllti sér stundarkorn á saltfláka á flóðasvæðunum í Búrma. Hann var á leiðinni að ánni að ná í vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Neytendur:** Bankarnir hvetja til skuldfærslu

# *Mikið dýrara að greiða með seðli*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Launamaður vill koma á framfæri ábendingu um að hans mati óeðlilega há seðilgjöld, svokallað „tilkynningar- og greiðslugjald“, sem Landsbankinn innheimtir af viðskiptamönnum sínum sem ekki eru í greiðsluþjónustu. *„Þá er fullt gjald, heilar 595 kr. per seðil, innheimt af hálfu bankans. Þetta er 200% hækkun frá seðilgjaldi ef maður er í greiðsluþjónustu, sem er 195 kr. Þetta gerir rúmlega 7.000 kr. á ári og hátt í 300.000 kr. yfir 40 ára tímabil! Það er greinilega afar kostnaðarsamt fyrir bankann að senda fólki greiðsluseðla, svo ekki sé meira sagt. Gaman væri að vita hver þessi gjöld eru hjá hinum bönkunum,“* skrifar launamaðurinn.

Tilkynningar- og greiðslugjald hjá hinum bönkunum er á svipuðu róli, til dæmis er það 550 kr. hjá Íslandsbanka (195 kr. ef afborgunin er skuldfærð) og 510 kr. hjá Kaupþingi (100 kr. ef afborgunin er skuldfærð seðillaus). Hjá Frjálsa fjárfestingabankanum er munurinn hins vegar meiri, eða 590 kr. Innheimtugjald með seðli er 850 kr, en 160 kr. skuldfært. Það þarf ekki nema eitt símtal við viðskiptabankann sinn til að breyta greiðslufyrirkomulaginu í skuldfærslu. Verðmunurinn á þessum tveimur greiðsluaðferðum mun vera til að hvetja skuldara til skuldfærslu. Það þýðir öruggari greiðslur til bankanna.



Yfirgefin börn á veitingastað:

# Parið var orðið peningalaust

**<u>ÞÝSKALAND, AP</u> Börnin þrjú, sem þýskt par skildi eftir á veitingastað á Ítalíu fyrir viku, komu heim til Þýskalands á föstudaginn. Þau eru í umsjón móðurforeldra sinna og undir eftirliti þýskra barnaverndaryfirvalda.**

**Yngsta barnið er átta mánaða, það elsta sex ára. Móðir þeirra, Ina Caterina Renhof, sagðist hafa yfirgefið börnin ásamt kærasta sínum, Sascha Schmidt, vegna þess að þau áttu engan pening eftir til að gefa þeim að borða.**

**Parið fannst í úthverfi ítölsku borgarinnar Aosta eftir að lögregla í nokkrum löndum hafði gert mikla leit að þeim.** - gb

Útflutningsverðlaun forsetans:

# Seiðateljari vatt upp á sig

**<u>ATVINNUMÁL</u> Vaki fiskeldiskerfi hf. hlaut útflutningsverðlaun forseta Íslands við hátíðlega athöfn á Bessastöðum fyrir helgi. Vaka eru veitt verðlaunin fyrir afbragðs árangur í vöruþróun og markaðs- og sölustarfi á sínum vettvangi.**

**Vaki var í upphafi einungis hugmynd að námsverkefni ungra háskólanema í rafverkfræði árið 1985 um sjálfvirkan talningarútbúnað fyrir laxaseiði, en er nú fullburða hátæknifyrirtæki með yfirburðastöðu á sínum markaði. Um 85 prósent framleiðslu fyrirtækisins tengist fiskeldi.** - shá

Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands:

# Ójöfnuður jókst hérlendis

**<u>EFNAHAGSMÁL</u>** Bilið milli ríkra og fátækra breikkaði nokkuð á árabilinu 2003 til 2006. Þetta má lesa úr niðurstöðum lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands.

Tekjuhæstu tuttugu prósent Íslendinga voru með 3,9 sinnum hærri tekjur en tekjulægstu tuttugu prósentin árið 2006. Árið 2003 var tekjuhæsti fimmtungurinn með 3,4 sinnum hærri laun en lægsti fimmtungurinn.

Munurinn hefur aukist meira hér á landi en hjá flestum öðrum Evrópuþjóðum. Ástæðan virðist frekar vera sú að tekjur þeirra tekjuhæstu hafi aukist samanborið við meðalmanninn en að hinir tekjulægri hafi lækkað.

Hliðstæðar rannsóknir eru gerðar í löndum Evrópusambandsins, Noregi og Sviss. Ójöfnuður var meiri hér á landi árið 2006 en á nokkru hinna Norðurlandanna.

Ísland er í 15. til 16. sæti af 29 ásamt Hollandi þegar löndunum er raðað í röð með mesta jöfnuðinn í fyrsta sæti. Mesti jöfnuðurinn var í Svíþjóð og Slóveníu. Minnstur var hann í Portúgal.

Notast er við svokallaðan Ginistuðul til að meta bilið milli ríkra og fátækra. - bj


FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

ÁRSFUNDUR
FRJÁLSA
LÍFEYRISSJÓÐSINS

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **á morgun, 28. apríl kl. 17:15** í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast í höfuðstöðvum Kaupþings og á vefsíðu Frjálsa lífeyrissjóðsins **www.frjalsilif.is**

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

KAUPÞING

ÍSLENSKA/SIA.IS/KAU 45680 03.2009




**SLYSUM HEFUR FÆKKAÐ** Slysum og slösuðum hefur fækkað í heildina milli áranna 2007 og 2008 en alvarlegum slysum hefur fjölgað. Myndin er úr safni.

# Alvarlegum slysum fjölgar

**Tólf létust í umferðinni í fyrra. Aðeins einu sinni áður hafa svo fáir látist á einu ári frá árinu 1970. Alvarlega slösuðum fjölgaði um þrjú prósent milli ára.**

**<u>SAMFÉLAGSMÁL</u>** Heildarfjöldi slysa og slasaðra lækkaði milli ára 2007 og 2008 um 5,4 prósent. Slysum með meiðslum fækkaði úr 1.147 í 1.085. Alvarlega slösuðum fjölgaði úr 195 í 200, eða um 2,6 prósent, en lítið slösuðum fækkaði úr 1.463 í 1.373, eða 6,2 prósent. Heildarfjöldi slasaðra og látinna lækkaði um ríflega fimm prósent, fór úr 1.463 í 1.373. Þetta kemur fram í slysaskýrslu Umferðarstofu 2008.

Ef fjöldi slysa er skoðaður með tilliti til fjölda ökutækja kemur í ljós mikil fækkun slysa. Tólf létust í umferðinni í fyrra, tvær konur og tíu karlar. Einungis einu sinni hafa færri látist í umferðinni á einu ári. Þetta var árið 1996 þegar tíu létu lífið. Á árunum 1999-2008 létust að meðaltali 23 í umferðarslysum á Íslandi. Það er um 90 prósentum fleiri en létust í fyrra. Fjöldi banaslysa var því í sögulegu lágmarki.

Tölurnar sýna ekki mikla fylgni milli þeirra sem láta lífið í umferðinni og þeirra sem slasast alvarlega. Skýringin er fyrst og fremst sú að meiri sveiflur eru í fjölda banaslysa en fjölda alvarlegra slysa enda eru látnir mun færri en alvarlega slasaðir. Eitt banaslys getur því sýnt aukningu sem nemur tugum prósenta.

Banaslysum hefur fækkað milli ára á öllum Norðurlöndunum nema hjá Norðmönnum. Árið í fyrra var annað árið í röð þar sem Ísland var með hlutfallslega lægsta dánartíðni í umferðarslysum á Norðurlöndum.

**FJÖLDI LÁTINNA**
**Í bílslysum á síðustu tíu árum**

| | |
|---|---|
| 1999 | 21 |
| 2000 | 32 |
| 2001 | 24 |
| 2002 | 29 |
| 2003 | 23 |
| 2004 | 23 |
| 2005 | 19 |
| 2006 | 31 |
| 2007 | 15 |
| 2008 | 12 |

Heimild:

Evrópusambandið, ESB, hefur sett það markmið að fækka dauðsföllum um helming frá 2001 til 2010. Aðeins eitt er eftir af þessu tímabili og ekkert sem bendir til að markmiðið náist. Norðurlandaþjóðirnar hafa náð árangri í baráttunni gegn dauðsföllum en ekki nægilega miklum.

Einar Magnús Magnússon, verkefnastjóri hjá Umferðarstofu, segir að áætlun ESB hafi verið mjög metnaðargjörn. Setja verði háleit markmið og það sé líka gert á Íslandi en markmiðin verði samt að vera raunhæf.

Dregið hefur úr umferðarhraða á vegum landsins. Einar segir að löggæsla hafi verið stórefld undanfarin ár og gerðar endurbætur á vegakerfinu sem hafi dregið úr slysum. Eitt besta dæmið sé aðskilnaður akstursstefna. Þá hafi mikið áróðurs- og fræðslustarf verið unnið meðal almennings og í skólum. ghs@frettabladid.is

**VORHREINSUN** sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins standa fyrir dyrum. Hreinsunarátak Garðabæjar verður 18. apríl til 8. maí. Í Mosfellsbæ verður vorhreinsun 22. apríl til 5. maí, í Hafnarfirði frá 30. apríl til 6. maí, á Seltjarnarnesi frá 15. maí til 22. maí og í Kópavogi 27. apríl til 8. maí. www.sorpa.is





FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447









Ragna Björg hlúir hér að kryddjurtunum sínum í uppáhaldshorni heimilisins, en stofusófinn hefur þar vinninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ræktar kryddjurtir í gluggakistunni heima

**Í notalegri stofu lúra litlar kryddplöntur í glugga og drekka í sig þá sólargeisla sem inn um hann berast. Húsmóðirin, Ragna Björg Ársælsdóttir, vakir yfir þeim um leið og hún gluggar í skólabækurnar.**

„Ég á lítinn kryddjurtagarð í stofuglugganum en þar má finna steinselju, graslauk, myntu, rósmarín, oreganó og kóríander," segir Ragna Björg Ársælsdóttir, nemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Þessa dagana liggur hún yfir skólabókunum, enda próf á næsta leiti.

„Ég vonast til að ræktunin takist í þetta sinn en ég reyndi þetta í fyrra og þá tókst þetta ekki. Núna dafna jurtirnar hins vegar vel og ég hlakka bara til að geta eldað eitthvað úr þessu," segir Ragna Björg, sem er kunn fyrir hæfileika sína í eldhúsinu og glæsilegar matarveislur. „Ég setti fræ í potta og síðan gæti ég þess að vökva jurtirnar vel. Þeim má ekki verða of kalt, þær þurfa birtu og síðan þarf að setja næringu í vatnið," útskýrir hún og hlakkar til að sjá árangurinn.

Heimili Rögnu Bjargar er hlýlegt enda ekki vanþörf á þar sem hún eyðir þar löngum stundum. „Ég er í skóla og læri oft heima og elda mikið. Í eldhúsinu fer fram ýmiss konar tilraunastarfsemi en þegar ég var á höttunum eftir íbúð, í samráði við foreldrana, réð eldhúsið úrslitum í að þessi íbúð var keypt," segir Ragna Björg en hún er hæstánægð með fyrirkomulagið. „Eldhúsið skiptir miklu máli og þá sérstaklega að hálfopið er inn í stofu. Þá er hægt að blanda geði við gestina þar," segir hún en gestkvæmt er á heimili Rögnu Bjargar þar sem hún býður oft til veislu og prófar nýja rétti.

„Nú hef ég verið hér í dágóðan tíma, hef náð að safna mér í búið og á orðið fullmótaða stofu. Ég kann einna best við mig í sófanum, sem er mjúkur tungusófi úr Betra baki. Hægt er að breyta honum í svefnsófa þegar fjölskyldan kemur í heimsókn og hefur hann nýst vel," segir Ragna Björg ánægð og setur kryddjurtagarðinn aftur í ylinn í glugganum.

*hrefna@frettabladid.is*














**LEIKFANGAPERLUR** eru vinsælar hjá börnum. Oft vilja þær detta í gólfið og ærið verkefni að tína þær upp. Gott húsráð er að setja nælonsokk á ryksuguna og sjúga perlurnar upp, taka sokkinn og tæma perlurnar í perluboxið á ný.



Málbandsklukkan er falleg hengd upp á vegg.

## Tíminn mældur

**Klukka úr málbandi er skemmtileg hönnun eftir tyrkneska hönnuðinn Burak Kaynak.**

Tíminn er mældur á ýmsan hátt, með dagatölum, úrum og klukkum en þó sjaldnast með málbandi.

Hönnuðurinn Burak Kaynak hefur hins vegar búið til klukku í líki málbands. Er þetta veggklukka þar sem málbandið rennur áfram undir gleri en rauð lína segir til um hvað klukkan er.

Fleiri skemmtilegar hugmyndir Kaynak má finna á vefsíðunni www. burakkaynak. com.

*- sg*



# Ljósmynd verður að málverki

**Ef fólk langar í stórt málverk af einhverju sem það á aðeins litla ljósmynd af þá sér fyrirtækið portret.is um slíka þjónustu. Þar verður Gylfi Þór Markússon fyrir svörum.**

„Þetta byrjaði þannig að okkur hjónin langaði að láta mála málverk af krökkunum okkar en gátum ekki fundið neinn hér á Íslandi sem tók það að sér. Svo ég fór að leita erlendis og datt niður á flinka og ódýra listamenn í Kína sem náðu blæbrigðum fyrirmyndanna ótrúlega vel. Ég sagði vinum og kunningjum frá þessu. Þannig vatt þetta upp á sig og þróaðist út í fyrirtækið portret.is“ segir Gylfi Þór, sem býr í Reykjanesbæ.

Gylfi Þór kveðst einungis hafa boðið þjónustu sína á netinu til þessa og þó nokkuð hafi verið að gera. „Ég er í sambandi við kínversku listamennina næstum daglega,“ segir hann. Sem dæmi um verkefni sem þeir taki að sér nefnir hann málverk eftir litlum passamyndum, að sameina fólk af fleiri en einni ljósmynd í eitt og að breyta bakgrunni. En hversu langan tíma tekur að fá málverkin? „Það tekur svona þrjár vikur að mála en þrír til fimm dagar fara í sendingu frá Kína hingað,“ svarar hann og kveðst ábyrgjast að fólk sé ánægt með afraksturinn með því að fá fyrst senda ljósmynd af málverkinu og sýna viðskiptavininum hana. „Málarinn sendir mér myndina svo kaupandinn geti metið hana. Þetta eru olíumálverk og auðvelt er að mála yfir og laga eða hreinlega byrja upp á nýtt ef með þarf. Það er ekki fyrr en kaupandinn er orðinn hæstánægður sem myndin er send af stað.“



Málverk af stúlku máluð eftir ljósmynd.

Áður en Gylfi Þór fann hina kínversku listamenn hafði hann leitað talsvert erlendis að svona þjónustu. „Þar er urmull af svindlurum og sumir voru jafnvel að rukka nálægt einni milljón fyrir portret-málverk,“ lýsir hann. En hvað skyldi þá meðalmynd kosta hjá honum? „Málverk í stærðinni 60x90 af einstaklingi kostar 52.500 krónur,“ upplýsir hann og bendir á heimasíðuna www.portret.is. „Verðið hefur verið það sama frá byrjun og ekkert breyst í kreppunni. Ég ætla að halda mig við það, að minnsta kosti út sumarið.“

*gun@frettabladid.is*



Myndum má breyta á ýmsan máta. Á þessari mynd hefur bakgrunninum verið breytt. Einnig geta kínversku listamennirnir sameinað fólk af mörgum ljósmyndum í eitt málverk.


Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

VIKUNA 27. APRÍL – 1. MAÍ

**Mánudagurinn 27. apríl**

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 12.30-14.00.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi og hafa það notalegt. Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Skák - Félagar úr Skákfélagi Vinjar og Hróknum sitja að tafli í Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.30-15.30.

Endurlífgun og hjartarafstuðtæki - Stutt verklegt námskeið sem getur gert þér kleift að koma fólki til bjargar þegar mínútur skipta máli. Tími: 15.30-17.00.

**Þriðjudagurinn 28. apríl**

Áhugasviðskönnun - Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga, getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-14.30.

Hugarflugsfundur - Hvernig sérðu starfsemi Rauðakrosshússins fyrir þér? Hvaða viðburði viltu sjá á dagskrá? Tími: 15.00-16.00.

Að segja sögu sína - Hvernig getur lífssögunálgun hjálpað fólki að finna styrk sinn og leiðarsteina í lífinu? Tími: 15.00-16.00.

**Miðvikudagurinn 29. apríl**

Tölvuaðstoð - Þarftu aðstoð við að læra á tölvur, vafra um netið eða senda tölvupóst? Komdu í heimsókn. Tölvur á staðnum. Tími: 13.30-15.30.

Enter og Eldhugar - Kynning á verkefninu Enter og Eldhugar sem snúa að ungmennum af íslenskum og erlendum uppruna. Tími: 13.00-13.30.

Bókaklúbbur - Lestu þér til yndisauka og spjallaðu við aðra um innihaldið yfir kaffibolla. Tími: 14.00-15.00.

Gönguhópur -Tími: 15.00-16.30.

Slökun og öndun - Kennsla í slökun og djúpöndun. Allir velkomnir. Tími: 16.30-17.00.

**Fimmtudagurinn 30. apríl**

Fjöltefli - FIDE meistarinn Róbert Lagerman stendur fyrir fjöltefli. Tími: 13.00-15.00.

Uppeldi sem virkar; færni til framtíðar - Foreldranámskeið. Skráning nauðsynleg, takmarkaður fjöldi (fyrsta námskeið af þremur) Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Langar þig að slaka á? Nú er tækifærið. Tími: 15.00-16.30.

**Föstudagurinn 1. maí**

Lokað

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17



LAGERÚTSALA

HÆÐASMÁRA 4, KÓPAVOGI



Höfum bætt við nýjum vörum

OPIÐ 14-18

mánud.-föstud.

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.

Kvenfatnaður og margt margt fleira

FASTEIGNASALAN fasteign.is SÍMI 5 900 800
Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali.

## GLÆSIEIGN VIÐ STRANDVEG





Um er að ræða glæsilega og vandaða 3ja herb. íbúð í litlu fjölbýli í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Íbúðin er alls 127,9 fm auk bílastæðis í lokaðri bílgeymslu. Óhindrað sjávarútsýni í suður, vestur & norður úr stofu og af svölum, gluggar á 3 vegu í íbúð.

Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, lýsing og ljós öll hönnuð af LÚMEX. **ÍBÚÐ ER LAUS TIL AFHENDINGAR**

**Uppl. Sveinn Eyland sölumaður fasteign.is gsm: 6 900 820**



**Auglýsingasími**
**512 50 50**




– Mest lesið




Opið hús verður að Árakri 26 í Garðabæ í dag milli klukkan 17 og 18.30.

# Raðhús á Arnarneshæð

**Eignamiðlun hefur til sölu nútímalegt og fallegt tvílyft funkis-raðhús sem byggt er á skjólsælum stað á Arnarneshæð. Húsið er ýmist klætt flísum eða báraðri álklæðningu sem gefur því nútímalegt útlit.**

Allur frágangur hússins að utan tryggir lágmarksviðhald. Húsið er 232 fermetrar að stærð. Gengið er inn í húsið á neðri hæð. Hún skiptist í forstofu og út frá miðjugangi er sameiginlegt fjölskyldurými; eldhús, borð- og setustofa, alls um fimmtíu fermetrar. Útgengt er um stóra rennihurð út á verönd og áfram út í garð. Á neðri hæðinni er einnig baðherbergi, geymsla og bílskúr sem í er innangengt.

Á efri hæðinni eru þrjú mjög stór svefnherbergi og þar af eitt með fataherbergi. Einnig baðherbergi, þvottahús og sjónvarpsherbergi. Við hönnun hússins var gert ráð fyrir að mögulegt væri að loka þessu rými af sem fjórða herberginu. Á efri hæð eru einnig tvennar svalir, frá hjónaherbergi til austurs og sjónvarpsherbergi til vesturs. Handrið á svölum eru úr hertu gleri.

Opið hús verður að Árakri 26 í Garðabæ í dag á milli klukkan 17 og 18.30, þar sem sölumenn Eignamiðlunar kynna nokkur glæsileg ný raðhús á góðu verði.

Verð á húsunum er frá 39,6 milljónum tilbúin til innréttingar. Fullbúin hús með gólfefnum eru frá 51,6 milljónum.


**heimili** FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar



**Kirkjustétt. - 5 herbergja.**
Nýleg vönduð 125 fm íbúð og stæði í bílskýli. fallegar innréttingar og gólfefni, fjögur svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni. V. 31,0 Skipti á minni eign.



**Reykjahvoll - Sveitasæla í borginni!**
Glæsilegt 250 fm einbýlishús á einstökum útsýnisstað. Húsið er hið vandaðasta á allan hátt. Hönnun, innréttingar, tæki og allur aðbúnaður eins góður og hugsast getur. Makaskipti



**Prestbakki - Aukaíbúð.**
Gott mikið endurnýjað 211 fm raðhús með innbyggðum bílskúr og aukaíbúðarrými í kjallara. V. 42 m. Áhv 34 m. Makaskipti á minni fasteign



**Vatnsendablettur- glæsieign við vatnið.**
Stórglæsilegt sérlega vandað einbýli. Allt á allra vandaðast hætt. 6 svefnherb og stofur. Stórbrotið útsýni. Sjón er sögu ríkari. Makaskipti.



**Gerðarbrunnur - Parhús.**
Byggingarlóð með sökklum, botplötu og lögnum í grunn ásamt öllum teikningum. Öll skipti skoðuð.



**Þrastarhöfði - 5 herb sérhæð.**
Ný fullbúin og mjög vönduð 140 fm efri sérhæð í fjórbýlishúsi. Fjögur góð svefnherbergi, þvottahús og geymsla innan íbúðar, stórar flísalagðar suður svalir og mikið útsýni. Skipti á stærri eign í Garðabæ



**Njálsgata - 3ja herb.**
Falleg 60 fm risíbúð með miklli lofthæð og suður svölum V. 23 m. Áhv 9,4



**Álfkonuhvarf – 3ja – skipti.**
Vönduð 3ja herbergja íbúð. Rúmgóð herb. og björt stofa. Fallegt útsýni. Mögul. skipti á 4ra herb. í Kórum/Hvörfum.



**Jónsgeisli.**
Endaraðhús á tveim hæðum. Björt stofa með arni. Fjögur stór herbergi. Fallegt útsýni. Innb. bílskúr. Góð staðsetning með útsýni. Skipti á minni eign.



**Fjallalind -Parhús.**
Gott 190 fm hús með innbyggðum 25 fm bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi og glæsilegur bakgarður í suður. Makaskipti á minni eign.



**Miðtún - Sérhæð.**
Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð . Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjólgóðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. Ákveðin sala og hagstætt verð. Áhv 22 m. lán.



**Langholtsvegur - 2ja herbergja.**
Góð um 60 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérbílastæði. Íbúðin var útbúin árið 2003 og er því nánast ný. Góð staðsetning. Verð 15 millj.



**Dalaþing - Lóð.**
Höfum til sölu um 780 fm einbýlishúsalóð neðst niður við Elliðavatn á Vatnsendabletti. Frábært útsýni og staðsetning. Tilbúnar teikningar fylgja. Uppítaka möguleg. Nánari uppl. á skrifstofu.



**Viltu hafa makaskipti ?**
Nú er tíminn til makaskipta. Fjöldi aðila vill minnka eða stækka við sig. Óskum þess vegna eftir eignum á skrá, sérstaklega einbýlum, parhúsum og raðhúsum. Nánari uppl. á skrifstofu.

**HEIMILI FASTEIGNASALA • SKIPHOLT 29A • SÍMI: 530 6500 • www.heimili.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4**

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**

**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## HÖFUM FJÖLDA STÆRÐA OG GERÐA ATVINNUHÚSNÆÐIS TIL LEIGU Á SKRÁ



### Sóleyjargata- efri hæð og ris

Efri hæð og ris í tvíbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í miðborginni. Á hæðinni eru m.a. þrjár samliggjandi stofur, eldhús og gesta snyrting. Í risi eru 3-4 herbergi og baðherbergi auk geymsluriss. Svalir út af borðstofu í suður. Gott útsýni er úr risinu m.a. yfir háskólasvæðið. Falleg ræktuð lóð með háum trjám. **Laus til afhendingar strax.**



### Grænahlíð- 4ra herb. endurnýjuð íbúð

100 fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð í fjórbýlishúsi staðsett við opið svæði í Hlíðunum. Íbúðin er nánast algjörlega endurnýjuð m.a. ný innrétting og tæki í eldhúsi, ný gólfefni. Skipt hefur verið um þakjárn, gler og glugga. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Stórar suðursvalir og gott leiksvæði fyrir aftan hús. **Verð 26,9 millj.**



### Laugalækur. 3ja herb.

Rúmgóð íbúð á 4.hæð miðsvæðis. Íbúðin er 86,5 fm auk 4,9 fm geymslu í kj. Suðursvalir út af stofum. Nýleg viðarinnrétting í eldhúsi. Hús viðgert að utan árið 2000 og sameign nýlega máluð. **SKIPTI MÖGULEG Á 5-6 HERB ÍBÚÐ/SÉRBÝLI ALLT AÐ 35 MILLJ. Verð 24,5 millj.**



### Reynimelur. 4ra herb.

4ra herb. 87,7 fm endaíbúð á 2. hæð auk 4,5 fm geymslu í kj. Gluggar í 3 áttir og svalir til suðvesturs. Stutt í skóla, sundlaug o.fl. **LAUS STRAX. Verð 20,7 millj.**



### Sólheimar. 4ra herb.

Vel skipulögð 101 fm íbúð á 11. hæð auk sér geymslu í kjallara. Útgangur á suðursvalir úr stofu og hjónaherbergi. Sameiginlegt þvottahús á efstu hæð. **Einstakt útsýni frá suðri til norðurs. Frábært útsýni. Laus strax. Verð 24,9 millj.**



### Dalhús- frábær útsýnisstaður.

Bjart og glæsilegt 214 fm parhús að meðt. 24,0 fm bílskúr. Stórt og björt stofa og eldhús í einu rými og 4 herbergi. Miklir gluggar í stofu og gert ráð fyrir arni þar. Glæsileg lóð með stórum timburpalli til suðurs. **Frábær staðsetning innst í botnlanga við opið grænt svæði. Stutt í skóla og sundlaug. SKIPTI Á MINNI EIGN EÐA MINNI EIGNUM KOMA TIL GREINA.. VERÐ 63,9 MILLJ.**



### Gvendargeisli- 4ra herb.

105,0 fm útsýnisíbúð á 3. hæð með sérinng. af svölum auk sér bílastæðis í bílageymslu. Opið eldhús, rúmgóð stofa og 3 herbergi. Þvottaherb. og geymsla innan íbúðar. Stórar svalir til suðausturs. **Áhv. hagstætt lán. Verð 25,7 millj.**



### Marteinslaug-3ja herb. laus strax.

Falleg og vel innréttuð 100 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu í lyftuhúsi í Grafarholti. Eikarparket á gólfum og innréttingar úr eik. Þvottaherb. innan íbúðar. Stæði í opni bílskýli. **Verð 25,9 millj.**



### Grýtubakki. 2ja herb.

76,9 fm íbúð á jarðhæð þ.m.t. sér geymsla í kj. Gengið út úr stofu á sólríkan pall og garð til suðvesturs. **Góð eign á barnvænum stað. Skóli í göngufæri. SKIPTIÁ UM 25 MILLJ. KR. EIGN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU KEMUR VEL TIL GREINA. Verð 15,9 millj.**



### Kristnibraut. 3ja herb.

93,5 fm útsýnisíbúð á 3. hæð þ.m.t. sér geymsla í kj. Flísalagðar suðvestursvalir. Frábært útsýni til norðurs. Þvottaherb. innan íbúðar. **Laus fljótlega. Áhv. um 15,0 millj. við ÍLS. Verð 22,9 millj.**



### Dalsbyggð-Garðabæ

Vel staðsett og vel skipulagt u.þ.b. 320 fm einbýilshús á tveimur hæðum með aukaíbúð í hluta neðri hæðar. Eignin skiptist m.a. í rúmgóðar stofur, eldhús, sjónvarpshol, 3-4 herbergi og 2 baðherbergi auk séríbúðar. Útsýni til sjávar úr stofum. Skjólgóð verönd. Tvöfaldur bílskúr. **SKIPTI MÖGULEG Á 110-140 FM ÍBÚÐ. Verðtilboð.**



### Burknavellir-Hafnarfirði. 3ja herb.

Mjög góð 88,1 fm íbúð á 2. hæð með sérinng. af svölum í nýlegu fjölbýli að meðt. sér geymslu í kj. Eldhús með kirsuberja innréttingu. Suðursvalir.**Möguleiki að yfirtaka hagst. lán. Verð 19,5 millj.**



### Gnoðavogur. 2ja herb. Skipti á dýrari.

Rúmgóð og vel skipulögð 64 fm útsýnisíbúð á 4. hæð miðsvæðis í Reykjavík. Húsið yfirfarið að utan og viðgert fyrir nokkrum árum. **Skipti möguleg á 3ja – 4ra herb. Verð 17,5 millj.**



### Þverbrekka-Kópavogi. 2ja herb. Skipti á dýrari.

45 fm íbúð á 8. hæð auk sér geymslu í kjallara. Vestursvalir. Frábært útsýni. Þvottaaðstaða í íbúð. **MÖGULEG SKIPTI Á 3JA - 4RA HERB. ÍBÚÐ ALLT AÐ 22 MILLJ. Verð 15,2 millj.**



### Sporðagrunn-2ja herb. Til sölu eða leigu.

Falleg 67,1 fm íbúð með sérinngangi á þessum vinsæla stað. Stutt í Laugardalinn. **SKIPTI MÖGULEG Á STÆRRI EIGN Á SVÆÐINU. VERÐ 19,0 MILLJ.**



# VERSLUNAR OG ATVINNUHÚSNÆÐI
# - TIL LEIGU -




Smiðjuvegur 3, Kópavogi (á móti Orkunni, Bónus og BYKO) 4.000m² verslunar- og atvinnuhúsnæði. Þar af allt að 2.300m² á einu gólfi og í einum sal. Allt að 5,5 m lofthæð og góð bílastæði.

**Nánari upplýsingar í síma: 892 1529**

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957 *Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

## Árakur 20-30 í Garðabæ - ný hugsun - ný verð








Nútímaleg og falleg 2ja hæða funkis raðhús sem byggð eru á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni. Húsin er klætt ýmist flísum eða báraðri álklæðningu sem gefa þeim nútímalegt útlit. Allur frágangur að utan tryggir lágmarksviðhald.

VERÐ FRÁ 39,6 MILLJ. TILBÚIN TIL INNRÉTTINGAR OG FULLBÚIN AÐ UTAN SEM INNAN OG MEÐ GÓLFEFNUM FRÁ 51,6 MILLJ.

**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:30.**

## Ólafsgeisli - frábær staðsetning.



Mjög vel staðsett tvílyft 237,8 fm einbýlishús með 26,8 fm innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsett innst í lokaðri götu og er útsýni mjög glæsilegt og stutt er út í óspillta náttúruna og Garfarholtsgolfvöllinn. Lóðin er fullbúin og m.a. með um 100 fm timburverönd, hellulögðu plani V. 64,0 m. 4704

## Skúlagata - 8. hæð



Falleg og björt 60,2 fm tveggja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð við Skúlagötu fyrir 60 ára og eldri, glæsilegt útsýni yfir sundin og vestur yfir borgina. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. V. 20,5 m. 4716

## Ögurás - jarðhæð



Mjög falleg 3ja herbergja 94,3 fm íbúð á jarðhæð við Ögurás í Garðabæ - sérinngangur - góð verönd - gott útsýni. Niðurlímt einnar fasa eikarparket að mestu en flísar á baði og anddyri. Mjög gott verð!
V. 22,9 m. 4712

## Lækjarsmári 2 - Laus strax



4ra herbergja 111,7 fm íbúð á 6. hæð í fallegu viðhaldslitlu lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, (búið að opna á milli tveggja) baðherbergi, og sérþvottahús. Áhv. 20 millj. frá Íls. V. 24,9 m. 4652

## Gljúfrasel - mikið útsýni



Um er að ræða 258,3 fm hús á þremur hæðum. Séríbúð á jarðhæð sem er með sérinngangi og er 2ja herbergja ca 40,1 fm. Yfirbyggðar svalir með miklu útsýni. Að innan þarfnast húsið einhverrar standsetningar. V. 44,0 m. 4049

## Einbýlishús í hlíðunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-300 fm einbýlishúsi í hlíðunum, t.d. við Háuhlíð eða Hörgshlíð. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514

## Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514

## Hæð eða hæð og ris í vesturborginn óskast - staðgreiðsla

Traustur kaupandi óskar eftir hæð eða hæð og risi, 140-180 fm í vesturborginni. Staðgreiðsla í boði. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514.

## Einbýli



**Bakkastígur - virðulegt hús** Virðulegt einbýlishús í gamla vesturbænum. sem er 206,7 fm á þremur hæðum ásamt 8,4 fm útigeymslu, samtals 215,1 fm. Húsið er bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1903. Eignin skiptist í tvær hæðir og kjallara. 4648



**Ánaland - stórt einb. í Fossvogi** Glæsilegt 248,6 fm einbýli á tveimur hæðum, samtals ca. 388 fm. Húsið stendur neðarlega í Fossvoginum á stórri lóð til suðurs. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Garðurinn er skjólgóður með verönd og heitum potti. V. 110,0 m. 4581



**Hávallagata - Einstök staðsetning** Sérlega virðulegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara á mjög eftirsóttum stað. Húsið er í heild sinni skv. upplýsingum frá FMR 339,6 fm. Auk þess fylgir húsinu 25,5 fm bílskúr. Húsið er því samtals 365,1 fm.Húsið er vel staðsett. V. 110 m. 4557

## Hæðir



**Melhagi - falleg hæð** Falleg 101 fm neðri sérhæð rétt við Melaskóla ásamt 26,7 fm bílskúr. Eignin skiptist í þrjú herbergi, stofu, hol, baðherbergi og eldhús. Í kjallara eru sérgeymsla og sér útigeymsla ásamt sameignar þvottahúsi. V. 35,9 m.

## 4ra-6 herbergja



**Fornhagi** Góð 99 fm 4ra herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er í einstaklega góðu upprunalegu ástandi. Hentar vel þeim sem vilja halda í gamla stílinn. V. 23,9 m. 4585



**Karfavogur- 4ra á góðu verði** 75,2 fm endaíbúð með sérinngang í kjallara ásamt sameign. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, eldhús, þrjú svefnherbergi og stofu. Einnig er sameiginlegt þurrkherbergi og geymsla. V. 19,0 m. 4659



**Brekkustígur - 2. hæð** Falleg 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli í gamla Vesturbænum. Íbúðin skiptis í stofu, borðstofu, eldhús og tvö svefnherbergi. Í kjallara er sérgeymsla og sameignarþvotthús auk hjólageymslu. Íbúðin er laus fljótlega. V. 23,7 m. 4621



**Blásalir í Kópavogi - skipti á 3ja** Falleg 124 fm íbúð á efri hæð með sérinng. í vönduðu fjórbýlishúsi ásamt 33 fm innb. bílskúr. Íbúðin skiptist í anddyri, þvottah., stofur og eldhús, tvö stór herbergi, baðh., og hjónah. með sér baðherbergi innaf. Tvennar svalir. Falleg íbúð á rólegum stað með útsýni. Skipti möguleg á 3ja herb. íbúð helst í sama hverfi. V. 36,8 m. 4629

## Vantar íbúðir til leigu

VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR VANTAR OKKUR ALLAR GERÐIR ÍBÚÐAR HÚSNÆÐIS TIL LEIGU. VINSAMLEGAST HAFIÐ SAMBAND VIÐ HILMAR ÞÓR HAFSTEINSSON LÖGGILTAN LEIGUMIÐLARA.

## 4ra-6 herbergja



**Eskihlíð - endaíbúð** 4ra herbergja björt og góð endaíbúð í húsi sem nýlega hefur verið standsett. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, stofu, 3 rúmgóð herbergi, eldhús og bað. Í kjallara fylgir geymsla auk sam. þvottahúss þar sem hver er með sína vél, hjólageymslu o.fl. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað. Áhvílandi lán frá ÍLS upp á 17,7 millj. með 4,7% vöxtum getur fylgt með. V. 24,5 m. 4554



**Hvassaleiti - með bílskúr** Falleg 4ra herb. íbúð á 2.hæð í góðu fjölbýli ásamt 20 fm bílskúr. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, baðherb., stofu og 3 svefnherb. Í kjallara er sér geymsla, þvottahús og hjólageymsla. V. 22,5 m. 4631



**Hörðaland - 93,8 fm íbúð í Fossvogi.** Upprunalegar eikarinnréttingar frá 1968 teiknaðar af Vilhjálmi Hjálmarssyni arkitekt. Útsýni yfir Fossvoginn. Eignin skiptist í hol, stofu, borðstofu, eldhús, tvö herbergi og baðherbergi. Sér geymsla í kjallara og sameiginlegt þvottahús. Stórar suður svalir. V. 22,9 m. 4344

## 3ja herbergja



**Langalína - fullbúin glæsiíbúð** Glæsileg fullbúin 3ja herbergja íbúð við sjávarsíðuna með gólfefnum. Við hönnun hússins var leitast við að skapa glæsilega byggingu sem myndi njóta sín vel við sjávarsíðuna í Sjálandshverfi í Garðabæ. V. 39,0 m. 4696



**Þrastarhöfði - falleg íbúð** Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs. V. 25,9 m. 4698



**Æsufell - mikið útsýni** Sérlega rúmgóð og falleg 3ja herbergja útsýnis íbúð á 3. hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi. Íbúðin er 90.2 fm ásamt 7.4 fm geymslu í kjallara, samtals 97.6 fm V. 20,5 m. 4637



**Hverafold - með bílskýli** Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 93,1 fm íbúð á 2. hæð. Parket á gólfum.Þvottahús innan íbúðar. Rúmgott stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin skiptist í hol, þvottahús, rúmgóða stofu, eldhús. baðherbergi og tvö svefnherbergi, geymsla í kjallara. Yfirtakanlegt áhvílandi lán er ca 18 milljónir frá ÍLS með 4,15% vöxtum V. 21,5 m. 4609



**Álfaborgir - fallegt útsýni** 3ja herbergja björt íbúð með sér inngangi af svalagangi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, 2 svefnherbergi, eldhús og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Sér geymsla fylgir ásamt sameiginlegri hjólageymslu. V. 21,3 m. 4613

## 3ja herbergja



**Árakur - glæsileg** 3ja herbergja 108,3 fm björt íbúð á jarðhæð. Íbúðin er öll vönduð, parket og flísalögð. Góð verönd er til suðurs. Ákv. sala. Hagstætt verð V. 24,9 m. 4546



**Garðastræti - mikið útsýni** Falleg 2ja-3ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli við Garðastræti. Íbúðin hefur verið mikið standsett á smekklegan hátt. Íbúðin skiptist þannig: Samliggjandi stofur og eldhús, rúmgott herbergi, stórt baðhergi, fjölskylduherbergi í risi og sér geymsla í kjallara. V. 25 m. 4538



**Langalína 29 1. hæð** Mjög góð og vel skipulögð 100,8 fm íbúð á jarðhæð, íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu og sér 60 fm verönd. Gólfhiti er í allri íbúðinni og glæsilegar innréttingar frá Liva. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 32,5 m. 4242

## 2ja herbergja



**Þórufell - Góð kaup** 2ja herbergja 57,3 fm íbúð á fjórðu hæð með góðu útsýni. Íbúðin er í fínu standi með stórum suður svölum. V. 12,9 m. 4644



**Veghús - falleg** FÆST GEGN YFIRTÖKU LÁNA! Falleg 66,8 fm tveggja herbergja íbúð á 1.hæð (jarðhæð). Íbúðin skiptist þannig: hol, geymsla, svefnherbergi, baðherbergi, stofa, eldhús og þvottahús. Sér geymsla og þvottahús er innan íbúðar. V. 16,9 m. 4620



**Jörfabakki** Björt 2ja herb. 69 fm íbúð á 1.hæð er skiptist í hol stóra stofu, herbergi, eldhús og baðherbergi og sérþvottahús. Hagstæð lán með 4,15% vöxtum eru áhvílandi. V. 16,5 m. 4707

EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Góð fyrirframgreiðsla í boði.** Óska eftir stórri íbúð til leigu minnst 3 svefnh. Langtíma leiga á svæði 170, 107 eða 101.

**Íbúð í Skuggahverfi óskast til leigu (101 Skuggi)** Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 861-8514 eða Hilmar Þór Hafsteinsson í síma 824-9098

**Austurströnd** Góð 67,2 fm íbúð á 3ju hæð, en jarðhæð frá Nesvegi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð: 110 þús 4654

**Hörðaland** 2 svefnherbergi, 2 stofur. Laust strax Verð: 120.000

**Stigahlíð - útsýni** 4ra herbergja íbúð. 2 svefnherbergi. 2 stofur. Verð: 120 þús.

**Laufásvegur** 140 fm verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Engin VSK kvöð. Verð 1.800 pr fm.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.



Lifðu lífinu lifandi! Góð heilsa og fjárhagslegt sjálfstæði. Pantaðu frían prufupakka. Heiðar Birnir, sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. heidarbirnir@internet.is S. 618-0317.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR- kúrinn er ótrúlega einfaldur og öflugur. Engin örvandi efniþ Dóra 869-2024 www.dietkur.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183

www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE VEFVERSLUN - Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Góð tilboð í gangi. Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. Vaida kemur þ. 29. þ.m. S. 823 8280.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting




## Námskeið



Lærðu að hlaupa á léttari máta með Smart Motion hlaupastílnum www.smartmotion.org s. 896 2300

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



**www.hundaheimur.is**
Snyrtiborð með gálga, tvær stærðir og vinsælu járnbúrin komin aftur - Áfram frábær verð. Hundaheimur Mosfellsbæ

## Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

## Húsnæði í boði

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**




**LMH.IS**
**Leigumiðlun Hafnarfjarðar**
**517-0150**

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

Falleg 4herb íb. til leigu í Hörðukór, Kópavogi. Upl. 664 7001.

Yndisleg 2h. risíbúð í 108 til langtíma leigu frá 01.06, 65m2 og garður. Leigist með eða án húsgögnum í 2-3 ár. Leiga 80.000 + hiti og rafmagn. Sími 696 0173

Rúml. 20fm stúdíóíbúð til leigu. Lauganesvegur 38. Leiguv. 45þ. á mán. rafm. og hiti innif. S. 699 5552.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

**Leigjendur, takið eftir!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Stúdíóíbúð 30 fm.**
Til leigu í Garðabæ 210. Kr. 70 þús. Innif. húsaleiga, rafm., hiti, öll húsgögn, búnaður í eldhúsi, sjónvarp, stöð 2, sýn og bíó rásin, þvottavél og internet. Sérinngangur. S. 898 2866.

Bakhús til leigu nálægt hlemm. Uppl. í s. 661 5219

Falleg 5 herb. sérhæð í Hlíðunum, langtímaleiga, leigist með fallegum húsgögnum, laus strax, uppl, s: 8636190

Til leigu er tveggja herbergja íbúð nálægt miðbæ Kópavogs. Íbúðin er á neðri hæð í litlu fjölbýli. Verð 85.000 innif. hiti og hússj. Laus strax. Uppl. í síma 897 9482.

Til leigu herb. m. eldhúsi, baðherbergi þvottavél, þurrkar. Í herb. rúm, fataskápur, ísskápur, adsl, tv tengi. S. 693 4848.

**Hlíðar -105**
Góð 4-5 herb. íbúð. Stórar svalir & sérinngangur. Langtímaleiga. uppl. í s. 858 7573 & 846 0408 e. kl. 13.

## Húsnæði óskast

**4 herbergja íbúð óskast.**
**4 manna fjölskylda óskar eftir 4 herbergja íbúð á sv. 111, 109 eða 110 til leigu sem fyrst. Þarf að vera leyfi fyrir hund. Skilvísar og öruggar greiðslur. Reglusemi. Nánari uppl. í s. 698 6491**

Róleg og reglusöm kona óskar eftir góðri íbúð. Meðmæli ef óskað er. S. 697 4235 & 551 2723.

## Sumarbústaðir

45fm sumarbústaður til sölu í Húsfelli. V. 9,8 m. Uppl. í s. 895 2490 & 821 4577.

## Atvinnuhúsnæði

**HÖFÐABÍLAR**
...þar sem bílar seljast

**Lækkað verð!**
Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Til afhendingar strax. 950 kr. + vsk. per fm. S. 577 4747 eða á hogni@hofdabilar.is

Skrifstofuherbergi á Strandgötu í Hafnarfirði til leigu. Uppl. í s. 899 8121.

Til leigu 100fm h við Ingólfstorg sem hægt er að leigja í einu lagi eða skipta í 4 einingar+eld og bað uppl í s8964630

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

## Atvinna í boði

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Matreiðslumaður**
**Veitingastaður óskar eftir matreiðslumanni. Uppl. í s. 617 1111.**

SMIÐIR Byggingafélag óskar eftir smiðum í tímabundin verkefni. Þurfa að vera vanir viðhaldsvinnu. uppl. í s.8610002 á vinnutíma.

beitningafólk óskast til Noregs uppl krthorisson@yahoo.com

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Múrlína ehf eftir múrurum til vinnu. Nánari upplýsinar veitir Þórir í síma 660-2290

Vantar 1-2 stelpur í vinnu við Heimilisþrif, góð laun í boði fyrir rétta aðila sendið mail á husthrif@gmail.com

Veitingahúsið Saffran óskar eftir pizzabökurum í fullt starf. Áhugasamir hafið samband við Odd eða Hauk í síma 578 7874 eða á staðnum.

Ísl hjón á Englandi óska e stúlku, >19, t.a gæta 1 og 3 ára drengja. DrMatthildur@msn.com

Vantar vana pappalagningamenn. Uppl. í s. 896 4947.

## Atvinna óskast

Kona á besta aldri sem hefur m.a. starfað sem flugfreyja óskar eftir starfi, hefur góð meðmæli, flest kemur til greina. Vinsaml. svarið á e-mail bell@internet.is

2 men looking for light carpenter job. S. 857 9937 & 843 5018.

## Tilkynningar

**Kærleikssetrið**

**Skyggnilýsing**
**Þriðjudaginn 28. apríl kl. 20.00 verður Skúli Lórenzon með skyggnilýsingu í Kærleikssetrinu. Álfabakka 12. Húsið opnar kl. 19.30. Allir hjartanlega velkomnir.**

**Skúli verður með einkatíma í dag, mán. 27. apríl. Laus tími. Nánari uppl. og bókanir í síma 567 5088 og www.kaerleikssetrid.is.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Opinská kona**
mjög heit og ákóf leitar (líkast til) kynna við karlmann í mjög djarfri auglýsingu sem heyra má á Rauða Torginu Stefnuót, s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (kreditkort), augl.nr. 8443.

## Tilkynningar

**Skipulags stofnun**

**Mat á umhverfisáhrifum**
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Rennslisstýring í Eldhraun við Árkvíslar, Skaftárhreppi

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **28. maí 2009.**

**Skipulagsstofnun**

## Atvinna

**Byggingafélag námsmanna**

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Byggingafélag námsmanna ses (BN) er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Félagið annast kaup og uppbyggingu húsnæðis til rekstrar stúdentagarða í þágu námsmanna. Hlutverk þeirra er að bjóða námsmönnum í nemendafélögum innan BN til leigu hentugt og vel staðsett húsnæði.

Byggingafélag námsmanna (BN) óskar eftir að ráða kraftmikinn aðila í starf framkvæmdastjóra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Stjórn félagsins í samræmi við stefnu og markmið
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Tilboðs- og samningagerð
- Upplýsingagjöf til stjórnar
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða rekstrs
- Haldgóð reynsla af stjórnun og rekstri
- Fjölbreytt þekking á byggingamarkaði æskileg
- Þekking á stefnumótun og áætlanagerð
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Framúrskarandi samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

**capacent RÁÐNINGAR**
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR



Ein besta heilsudýna í heimi



iq-care.com

ATH.
Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

**6 mán. vaxtalausar greiðslur**

**FERMINGARTILBOÐ**
**Beauty Sleep**
97x203 cm **kr. 59.900**
135x200 cm frá **kr. 79.900**
**IQ-CARE**
100X200 cm **kr. 99.900**
120X200 cm **kr. 139.900**

**Nýir svefnsófar**
**með heilsudýnu**

**Íslensk framleiðsla**



**IQ-CARE**

**King**
Áður 269.900
**Nú 199.900**

**Cal. King**
Áður 269.900
**Nú 189.900**

**Queen**
Áður 189.900
**Nú 149.900**

**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup

Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum

**S-CAPE**
WALLHUGGER
**Sá nýjasti og besti frá Leggett**
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x90 x 200 cm. Áður 684.900
**Nú 499.000**



**PROFLEX**
**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**
Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x80x200 cm. Áður 384.900
**Nú 279.900**




**Svefn & heilsa**
★★★★★




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00**

www.svefn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþingiskosningarnar á laugardag:

## Vinstri-, jafnréttis- og ESB-sigur

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Vinstri sveiflan á laugardag kom ekki á óvart, þó hún væri aðeins minni en spár gerðu ráð fyrir. Það sem einna helst kom á óvart var hve sterkur Framsóknarflokkurinn var þrátt fyrir allt. Sá flokkur klárlega sigraði skoðanakannanirnar, þó hann hafi ekki átt stærsta kosningasigurinn.

Útreið Sjálfstæðisflokksins kom ekki heldur á óvart og strax í gærmorgun fóru þingmenn flokksins og stuðningsmenn að efast um stefnu hans í aðdraganda þessara kosninga, sérstaklega hvað varðar Evrópusambandið og evruna. Jafnvel Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður flokksins, var á efasemdalínunni í gærmorgun. Það hlýtur að vera ómögulegt að vinna kosningar á stefnu sem frambjóðendur hafa ekki trú á. Hvar svo sem fólk staðsetur sig í stjórnmálum, þá er það söguleg stund að hægt sé að mynda hér tveggja flokka stjórn án atbeina Sjálfstæðisflokksins og að slík ríkisstjórn geti verið vinstri stjórn.

Annar sigur sem unninn var á laugardag var jafnréttissigurinn. Aldrei áður hafa konur verið jafn margar á Alþingi, 43 prósent. Þessi jafnréttissigur er reyndar tengdur vinstri sigrinum, þar sem Samfylking og Vinstri græn hafa lagt frekari áherslur á fléttulista og jafna stöðu karla og kvenna á listum sínum. Enda er jafnt hlutfall kvenna og karla í þingflokki þeirra auk þingflokks Borgarahreyfingarinnar.

Til að sigurinn verði varanlegur þarf að gæta að því að hlutfallið fari ekki aftur niður í um 30 prósent. Slíkt gerist með því að verja jafnréttið heima í flokkunum, í uppstillingunum á listum. Þennan sigur þarf einnig að verja með því að gæta að jafnrétti í skipan ráðherraembætta. Ef núverandi meirihluti heldur áfram samstarfi væri annað óverjandi.

Þriðji sigurinn er sigur Evrópusambandssinna. Það er sögulegt að nú sé meirihluti á Alþingi fyrir aðildarumsókn að sambandinu. Ekki nóg með að aðildarumsókn sé á stefnuskrá Samfylkingar, Framsóknarflokks og Borgarahreyfingar, heldur er einnig hópur Sjálfstæðismanna fylgjandi umsókn. Lýðræðislega er þetta sigur fyrir Evrópusinna sem vilja ESB-umsókn strax, hvað svo sem Steingrímur J. Sigfússon telur að sé rétt meðhöndlun ríkisstjórnar á vilja meirihluta Alþingis. Lýðræðissinnaði flokkurinn ætlar þó ekki að standa í vegi fyrir meirihlutanum af því hann er þeim ósammála? Það er ljóst að Evrópumálin verða Samfylkingu og Vinstri grænum erfið í ríkisstjórnarmyndun en að sama skapi verður nauðsynlegt að finna lausn á þeim vanda sem klýfur flokkana tvo; að finna millileið á milli þeirra sem segja já og þeirra sem segja nei. Millileiðin er ekki að segja kannski.

Það er hægt að semja um lýðræðislega málsmeðferð, líkt og Vinstri græn hafa talað um alla kosningabaráttuna. Það er hægt að koma á fót miklum funda- og fræðsluherferðum um kosti og galla Evrópusambandsins. Það er hægt að halda lifandi þeirri miklu Evrópusambandsumræðu sem kviknaði á lokaspretti kosningabaráttunnar. Það er hægt að gera svo margt, bara svo lengi sem sótt er um aðild hið fyrsta. Það hlýtur að vera forgangsmál þessarar ríkisstjórnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Táp og fjör…**

Líflegar umræður spunnust milli leiðtoga stjórnmálaflokkanna í Ríkisútvarpinu kvöldið fyrir kosningarnar á laugardag. Að öðrum ólöstuðum átti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, setningu kvöldsins, og mögulega þá bestu í allri kosningabaráttunni og þó víðar væri leitað, þegar hann deildi við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra um upphaf og orsök efnahagshrunsins. Sigmundur hóf leikinn á að benda Jóhönnu kurteislega á að Samfylkingin hefði verið í ríkisstjórn þegar allt fór á hausinn. Jóhanna spurði Sigmund þá á móti hvort Framsókn hefði ekki lagt grunninn að hruninu mikla með setu sinni í stjórn með Sjálfstæðisflokknum í tólf ár. Æstist Sigmundur nokkuð við þessar aðdróttanir, hristi hausinn og sagði að ekki væri hægt að kenna hönnuði Titanic um að skipið hafi sokkið.





**…og frískir menn**

Þessi yfirlýsing Sigmundar er býsna einkennileg í ljósi þess að hönnun Titanic var einmitt meingölluð. Rannsóknir hafa leitt í ljós að aragrúa af öryggisatriðum var kastað fyrir róða til að þóknast eigendunum, sem vildu fyrst og fremst tryggja að skipið væri íburðarmikið og hraðskreitt. Rannsóknir sýndu einnig fram á að Titanic hafði yfir að ráða nægum fjölda björgunarbáta fyrir fyrsta farrými, þar sem ríka fólkið ferðaðist, en sárafáa til handa þeim sem minna höfðu milli handanna og þurftu að sætta sig við ódýrari sæti.

Kannski er þetta ekki svo vitlaus samlíking hjá Sigmundi þrátt fyrir allt.

kjartan@frettabladid.is

## Um þetta var kosið



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Kosningarnar og EES

Evrópusambandið er borð að sitja við; það er vettvangur þar sem málum er ráðið – það er hugsunarháttur þar sem hver og einn lærir að taka tillit til annarra þegar reynt er að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Það er ekki Paradís þar sem smjör drýpur af hverju strái og akrar vaxa ósánir og það er ekki Höll Réttlætisins þar sem allt er gott og rétt og eilíft sem frá því kemur. Og það er ekki nammibúð þar sem hægt er að valsa um og láta greipar sópa í trausti þess að mamma og pabbi komi og borgi eins og útrásarbjálfarnir héldu. Evrópusambandið er heldur ekki vondur kall sem rennir glyrnunum græðgislega yfir íslenskar auðlindir; það er ekki kapítalískt samsæri um að hirða af okkur síðustu reyturnar (nema þá að því leyti sem þjóðskipulag vestrænna ríkja er slíkt kapítalískt samsæri).

Það er samráðsvettvangur; það snýst um samstarf. Það er borð að sitja við.

**Hrörnar þöll**

Það er skjól sem þjóðir Evrópu hafa hver af annarri og veita hver annarri. Margir Íslendingar drógu rangar ályktanir af því í haust þegar EES (þar á meðal „norrænar vinaþjóðir") stóð með Bretum og Hollendingum í kröfugerð þeirra á hendur Íslendingum: þá heyrðist stundum sagt að EES væri „á móti okkur" og því hefðum við ekkert þangað að sækja; og stuðningur við aðild snarminnkaði í kjölfarið. Fólk virtist ekki átta sig á því að þetta var einmitt til vitnis um að EES stendur með „sínum ríkjum" gegn utanaðkomandi, og að Íslendingar hefðu ekki mætt þessu viðmóti hefðu þeir verið innan samtakanna. Útrásargaprarnir hefðu reyndar aldrei fengið að valsa svona um óáreittir heldur innan EES…

Það er önnur saga. Og þó: Í haust hrundi ekki bara íslenskt bankakerfi heldur líka íslenskt hugmyndakerfi, sjálfstæðisstefnan, þetta einkennilega sambland af oflæti og fákænsku sem réði för hér á landi í stóru og smáu í glópagullæðinu. Þessi hugmynd hins óveraldarvana um að hann búi yfir einhverjum sérstökum eiginleikum sem ekki þekkist að öðru leyti hjá mannkyninu. Þessi derringur sem ruglað var saman við heilbrigt stolt. Þessi þvergirðingsháttur sem ruglað er saman við sjálfstæði. Þessi fáránlega hugmynd að hagsmunir mínir og Jóns og Gunnu fari saman við hagsmuni sægreifanna. Allur þessi taumlausi dellugangur krakka með alltof mikla peninga milli handanna, þegar við Íslendingar vorum Silvía Nótt… Samt stóð þetta allt í Hávamálum – hefðu menn bara gefið sér tíma til að lesa þau og hugleiða boðskap þeirra um hógværð, kænsku og hófsemi, ekki síst meðal annarra þjóða: Vits er þörf / þeim er víða ratar…

Þar stendur líka: „Hrörnar þöll / sú er stendur þorpi á / hlýrat henni börkur né barr": það er að segja: furan hrörnar sem stendur á berangri, hvorki börkur né barr dugir til að hlífa henni.

Sem sagt: skjól.

**Á Markaðstorginu**

Evrópusambandið er torg. Þar stendur kelling og hrópar: „Vínber! Nýjar agúrkur!" og fögur stúlka selur þar appelsínur eins og beint út úr ljóði eftir Sigurð Pálsson. Þar er íbygginn fisksali, andfúll frímerkjasafnari og manískur teppakaupmaður. Þar sitja þarflaus karldýr yfir calvadosi og sagnalist. Þar eru krakkar að býtta á kortum. Þar eru verðbréfasalar að yrkja sitt fé. Þar er hist og skvaldrað og borin saman epli og appelsínur. Og kannski ganga þar hjá störeyg íslenskt hjón í alltof dýrum en númeri of litlum leðurjökkum. Miklu er talið varða á þessu torgi að allir sem bjóða varning sinn geri það á sömu forsendum og sömu kjörum – sitji við sama borð, uppfylli sömu kröfur, standi jafnfætis: þaðan koma tröllasögurnar um staðla á skrúfum og bananabogum. En við vorum að kjósa um það í fyrradag hvort við eigum þarna heima.

Við kusum í fyrradag um Ísland. Við kusum gegn sjálfstæðisstefnunni – félagi sannra Íslendinga – hugmyndafræðinni sem kom þjóðinni á vonarvöl á síðasta ári. Við kusum gegn árinu 2007, gegn derringnum, gegn græðginni, gegn bandalagi kaupahéðna og pólitíkusa, gegn útsölu á auðlindum þjóðarinnar, gegn innleiðingu stéttaskiptingar, gegn hugsjóninni um misskiptingu. Gegn hruninu. Við kusum gegn grillunum um Æðislegu Íslendingana sem Allt vita og á Engum þurfa að halda. Við kusum gegn hugmyndinni um Ísland sem laumufarþega í Evrópu. Því að fullvalda telst sú þjóð ein sem situr við sama borð og aðrar þjóðir þegar málum er ráðið, er þjóð meðal þjóða, ber höfuðið hátt, veit hver hún er og treystir sér til að taka þátt í samstarfi við aðrar þjóðir.

Evrópusambandið er borð að sitja við. Setjumst…

## Atvinnutruflarar

**UMRÆÐAN**

Ari Arnórsson skrifar um atvinnumál



ARI ARNÓRSSON

Ég var um daginn að sinna hópi fólks í skemmti/mútuferð á kostnað bresks fyrirtækis.

Þau eru 3.000 – þrjú þúsund – saman í húsi, sitja við síma og selja fyrirtækjum gas. Að auki aka hundruð um í bílum til að heimsækja fyrirtæki og selja þeim gas. Og svo eru allir hinir sem selja almenningi gas. Og gleymum ekki að það eru sex önnur fyrirtæki líka að selja öllum gas. Og svo er gríðarleg vinna að selja rafmagn, aftur og aftur. Það er önnur deild. Enn fleiri sitja og stýra öllu þessu fólki. Þetta eru ansi mörg þúsund manns.

Starfi alls þessa fólks er aðeins einn. Að trufla vinnandi fólk. Því sama hvað seljandinn heitir: Gasið er það sama, kemur frá sama stað um sama rör og kostar sama. Rafmagnið líka. Þar sem allir eru með sama verð ræður þjónustan, segja þau. Hvaða þjónusta? Jú, að trufla vinnandi fólk betur en keppinautarnir, gefa enn fleiri penna, flísteppi og bæklinga og bljúgyrði en hinir. Því rörin eða gasið í þeim kemur þjónustu fyrirtækisins ekki við. Það er annað fyrirtæki í því. Skilvirkni hagkerfisins ykist við það að þetta fólk hætti störfum. Gerði ekki neitt. Á kaupi. Fólkið sem er að búa eitthvað til úr gasinu í alvörufyrirtækjunum hætti þá að tapa vinnutíma í atvinnutruflarana. Enn ykist framleiðni þjóðfélagsins ef allt þetta fólk beindi kröftum sínum til að aðstoða frekar en að trufla. Segjum með því að grafa skurði, eða stunda vísindastörf. Þessi vúdútrú er viðurkennd víðar en á Haítí. Meira að segja hér í smáþorpinu okkar Íslandi á að framleiða vinnu með nauðungarmilliliðun. Dæmi: Umferðarstofa skal halda bifreiðaskrá en er bannað að veita upplýsingar úr henni nema til fyrirtækja sem selja upplýsingarnar. Annað dæmi: „Samkeppni" í sölu á rafmagni. Sama rafmagninu úr sömu leiðslunni.

Þetta er annaðhvort trúarkredda eða til atvinnusköpunar. Sé hið seinna rétt væri hagkvæmara að borga einkarafmagnssölufólkinu fyrir að gera ekkert en stunda þau skemmdarverk á hagkerfinu sem það vinnur í góðri trú. Einmitt, trú. Þér trúaðir: Prófið nú að skipta yfir í jólasveininn, eða Jesú, í staðinn fyrir vúdúið. Það veldur minna tjóni um mánaðamótin heima hjá mér og öðrum almenningi.

*Höfundur er leiðsögumaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



FARÐU INN Á
WWW.SENA.IS/XMEN
BÍÓMIÐI
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
UNCAGED EDITION
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
SJÁÐU MYNDINA SPILAÐU LEIKINN
FÁANLEGUR FYRIR ALLAR LEIKJATÖLVUR
HEIMSFRUMSÝND 29. APRÍL
X-MEN ORIGINS
WOLVERINE
SENDU SMS ESL XMV
Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!
SAMBÍÓIN SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ LAUGARÁSBÍÓ
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

**UNNUR STEINSSON ER 46 ÁRA.**

*„Pönkið kom og fór en diskóið lifði.“*

***Unnur Steinsson athafnakona lét þessi orð falla eftir sýninguna Ástin er diskó, lífið er pönk. Unnur sigraði í keppninni Ungfrú Ísland árið 1983, starfaði sem fyrirsæta og var áberandi á skemmtistaðnum Hollywood um það leyti sem diskóið var í algleymingi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 27. APRÍL 1992**

## *Stuttmyndadagar í fyrsta sinn*



Kvikmyndahátíðin Stuttmyndadagar í Reykjavík var fyrst haldin á þessum degi árið 1992 og svo samfellt allt til ársins 2002. Hún var svo endurreist 2008.

Upphaflega var hátíðin haldin af Kvikmyndafélagi Íslands, fyrirtæki Júlíusar Kemp og Jóhanns Sigmarssonar. Á Hótel Borg voru myndirnar sýndar dagana 27. til 29. apríl. Meðal mynda sem voru sýndar má nefna Spurning um svar eftir Sævar Guðmundsson og Filmumenn.

Hátíðinni var breytt í keppni árið 1993 og veitt voru verðlaun fyrir bestu myndina. Alls bárust um 40 myndir þetta árið en fyrstu verðlaun hreppti stuttmyndin Athyglissýki eftir Reyni Lyngdal og Arnar Jónasson.

Róbert Douglas og Ragnar Bragason eru á meðal þeirra sem hafa hlotið verðlaun hátíðarinnar en þeir hafa verið býsna áberandi í gerð kvikmynda í fullri lengd.

Sama ár og keppnin var endurreist, eða árið 2008, var haldin í fyrsta skipti kvikmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs þar. Verðlaunin Silfurrefurinn voru veitt þar bæði fyrir bestu stuttmyndina og bestu heimildarmyndina.

heimild: wikipedia.org

**MERKISATBURÐIR**

**1858** Póstgufuskipið Victor Emanuel (síðar nefnt Arcturus) kemur til Reykjavíkur í fyrstu áætlunarferðinni frá Kaupmannahöfn. Áður hafa seglskip haldið uppi þessari þjónustu.

**1915** Gullfoss leggur af stað til New York og kemur þaðan mánuði síðar. Hann er fyrstur íslenskra skipa með íslenskum skipstjóra og íslenskri skipshöfn til að sigla á milli Íslands og Ameríku síðan á dögum Leifs heppna.

**1944** Niðurstöður eru kynntar í samkeppni um hátíðarljóð fyrir Lýðveldishátíðina 17. júní 1944. Bestu kvæðin eru eftir Huldu og Jóhannes úr Kötlum.



**UPPBYGGING ATVINNUGREINA** Verkefnið Þjónustuhús við Akureyrarhöfn hlaut ellefu milljóna króna styrk.

# Ferðaþjónustuverkefni styrkt

Iðnaðarráðuneytið úthlutaði nýlega eitt hundrað milljónum króna til fjörutíu ferðaþjónustuverkefna um allt land. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaáætlun og er ætlað að renna frekari stoðum undir uppbyggingu atvinnugreinarinnar á landsbyggðinni.

Alls bárust 210 umsóknir um styrkina sem þykir lýsa þeirri grósku sem er í ferðaþjónustu hér á landi. Styrkir til menningar- og heilsuferðaþjónustu eru áberandi en einnig til náttúruskoðunar ýmiss konar.

Stærsta styrkinn, eða 11 milljónir, hlaut Þjónustuhús við Akureyrarhöfn. Verkefnið Viskubrunnur í Álfalandi við Akranes hlaut átta milljónir. Uppbygging aðstöðu í Grundarfjarðarhöfn hlaut 6,3 milljónir. Verkefnin Vatnasetur á Vestfjörðum, Jöklaveröld í Hoffelli og Þjónustuhús á hjólum við Ísafjarðarhöfn hlutu fimm milljónir hvert.




## 90 ára afmæli

90 ára er í dag, 27. apríl,

**Þorsteinn Sigurðsson**

Frostafold 24, Reykjavík áður til heimilis að Skólavegi 77, Fáskrúðsfirði. Eiginkona hans, Aðalbjörg Magnúsdóttir, varð 85 ára hinn 17. desember sl. Í tilefni þessara tímamóta taka þau á móti vinum og ættingjum í safnaðarheimilinu Grafarvogskirkju föstudaginn 1. maí kl. 15.00. Allar gjafir og blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja gleðja afmælisbörnin verður gefinn kostur á að leggja framlag til Líknar og vinafélagsins Bergmáls.


**PÓLSKIR DAGAR:** STANDA YFIR DAGANA 27. APRÍL TIL 3. MAÍ

# Grand hóteli breytt í djassklúbb



**ÁHUGAVERÐ UPPLIFUN** Michal Gierwatowski og Danuta Szostak, aðstoðarræðismaður og ræðismaður Póllands á Íslandi, lofa góðri skemmtun á Pólskum dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég held að Íslendingar séu áhugasamir um að læra um Pólland,“ svarar Michal Gierwatowski, aðstoðarræðismaður Póllands á Íslandi, þegar hann er spurður út í Pólsku dagana sem haldnir eru á Grand hóteli í Reykjavík frá 27. apríl til 3. maí í samstarfi við pólska sendiráðið. „Við viljum gjarnan sýna fram á að landið okkar hefur upp á margt að bjóða.“ Talið berst að dagskránni. „Bíódagurinn er í dag og hefur grunnskólabörnum verið boðið að sjá pólskar teiknimyndir,“ segir Michal, en í kvöld geta kvikmyndaunnendur séð klassískar, pólskar kvikmyndir eftir heimsþekkta pólska leikstjóra eins og Michal orðar það. Hann nefnir í því samhengi nöfn leikstjóra eins og Krzysztof Kieslowski, Jan Jakub Kolski og Jerzy Stuhr.

Möguleikarnir á samstarfi pólskra og íslenskra fyrirtækja verða svo kynntir í fyrirlestri á morgun. „Sá sem fer fyrir viðskipta- og fjárfestingarráði pólska sendiráðsins í Ósló ætlar að fjalla um viðskiptaumhverfið í Póllandi og tækifærin þar,“ nefnir Michal. Miðvikudagurinn verður notaður í að kynna Pólland sem ákjósanlegan ferðamannastað. Fulltrúi frá pPólsku ferðamannasamtökunum kynnir landið og veitir upplýsingar um ferðatilhaganir og segir frá þeim stöðum sem sérstaklega sé vert að skoða. „Við eigum einnig von á fulltrúum frá pólska golfsambandinu og frá borginni Szczecin, sem hefur að geyma einn besta golfvöllinn í Austur-Evrópu,“ segir hann.

„Grand hótel umbreytist síðan í djassklúbb á fimmtudagskvöldið þegar Aga Zaryan, ein þekktasta djasssöngkona okkar Pólverja, heldur tónleika,“ segir Michal glaður. Þorleifur Friðriksson tekur fyrir ákveðið tímabil í sögu Póllands í fyrirlestri á föstudag. Síðan hefst pólsk matarkynning í umsjá sjónvarpskokksins Roberts Maklowicz, þar sem íslenskir kokkar taka þátt. „Róbert er með sinn eigin sjónvarpsþátt í Póllandi,“ útskýrir hann og segir frá því að teknir verði upp þrír sjónvarpsþættir hér með Robert. Einn þáttanna verður helgaður pólsku dögunum. „Þættirnir ganga út á að Robert kynnir rétti sem byggja á matarhefð þeirrar þjóðar sem hann heimsækir hverju sinni.“

Pólskur markaður verður haldinn á laugardag þar sem pólskir listamenn búsettir á Íslandi sýna verk sín. „Ljósmyndir eftir Filip Faferko verða meðal annars til sýnis,“ segir Michal um Faferko sem á einnig heiðurinn að ljósmyndasýningunni í Bankastrætinu, þar sem andlitsmyndir af börnum blasa við vegfarendum. Á markaðnum gefst fólki líka kostur á að bragða hefðbundinn heimalagaðan, pólskan mat.“

Á þjóðhátíðardegi Póllands 3. maí verða haldnir klassískir tónleikar og er aðgangur ókeypis. Miðar eru fáanlegir í anddyri Grand hótels. Pólsku dögunum lýkur síðan með gala-kvöldverði á þjóðhátíðardeginum. „Þetta er fimm rétta matseðill sem byggir á hefðbundinni pólskri matseld og útfærður af sjónvarpskokknum sjálfum,“ nefnir Michal spenntur og bendir á að Brasserí Grand bjóði einmitt upp á pólskan matseðil meðan á Pólskum dögum stendur.

vala@frettbladid.is


†



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Erlings Ottóssonar (Albrektsen)**

Lækjasmára 58, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítalans við Hringbraut, deild 13D.

Vilma Mar
Jette Frydendahl — Erik Frydendahl
Jörgen Erlingsson — Hallfríður Arnarsdóttir
Irena Erlingsdóttir
John Mar Erlingsson — Hildur Björk Betúelsdóttir
Inger María Erlingsdóttir — Árni Eðvaldsson
barnabörn og barnabarnabarn.



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Vals Guðmundssonar**

frá Efra-Apavatni.

Þórdís Skaptadóttir
Skapti Valsson — Jórunn Gunnarsdóttir
Dóra Sjöfn Valsdóttir — Birgir Sveinsson
María Ýr Valsdóttir — Rúnar Sigurðsson
Guðmundur Valsson — Marta K. Lárusdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Tonny Margrethe Muller**

Hrafnistu í Hafnarfirði, áður Tjarnarbraut 17, Hafnarfirði,

sem lést mánudaginn 20. apríl, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Kristinn Guðjónsson
Tryggvi Anton Kristinsson
Snorri Lorentz Kristinsson — Anna Gréta Arngrímsdóttir
Reynir Kristinsson — Lilja Guðmundsdóttir
Ingvi Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

# Stigahæstir í alþjóðlegri ljósmyndakeppni

Íslenskir áhugaljósmyndarar báru sigur úr býtum í átta vikna alþjóðlegri ljósmyndakeppni sem lauk á dögunum. Fjórtán lið tóku þátt í keppninni sem haldin var á vefsíðunni Digital Photo Challenge, dpc.com, og var hvert lið skipað átta ljósmyndurum. Pólverjar hrepptu annað sæti og Kanadamenn það þriðja.

Liðin fengu það verkefni að mynda vikulega og að svo búnu voru greidd atkvæði um bestu myndirnar vikuna á eftir. Sex hæstu einkunnir hverrar viku réðu stigafjölda liða og stóð það íslenska uppi sem sigurvegari í lokin.

Þess skal getið að einn íslensku ljósmyndaranna, Örvar Atli Þorgeirsson, var stigahæstur allra í keppninni.

Auk hans skipuðu Ragnheiður Arngrímsdóttir, Bragi J. Ingibergsson, Þorsteinn H. Ingibergsson, Gunnar Salvarsson, Ófeigur Ófeigsson, Birgir Sigurðsson og Bogi Leiknisson íslenska liðið.



**STIGAHÆSTUR** Ljósmynd Örvars Atla Þorgeirssonar, Grjótpúsl, sem var í efsta sæti í einni af keppnunum á Digital Photo Challenge. MYND/ÖRVAR ATLI



**TJALDSVÆÐI VIÐ HÆFI** www.tjalda.is er ný vefsíða.

# Vefsíða um tjaldsvæði

**Ný vefsíða, www.tjalda.is, hefur verið hrint úr vör. Meginmarkmið síðunnar er að auðvelda ferðamönnum að finna sér tjaldsvæði við hæfi. Þegar vefurinn var settur í loftið á dögunum voru þegar á skrá 190 tjaldsvæði og eru 94 þeirra með nánari upplýsingum og fjölgar á degi hverjum.**

**Síðunni er skipt í hluta eftir landshlutum til að auðvelda leitina en svo er tjaldsvæðum raðað í stafrófsröð. Einnig er þar að finna ýmsan fróðleik og fréttir. Þá geta notendur einnig skrifað athugasemdir inn á tjaldsvæðin og miðlað þannig af sinni reynslu.**

**Á síðunni er einnig hægt að velja nokkur mismunandi tungumál en verið er að vinna í þýðingum. www.gocamping.is verður það lén sem kynnt verður fyrir erlendum ferðamönnum.**



**LISTAHÁTÍÐ** Vinátta, sérstök listahátíð barna, fer fram dagana 30. apríl til 4. maí í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aldrei verið umfangsmeiri

Vinátta, listahátíð barna, verður opnuð í Duushúsum í Reykjanesbæ fimmtudaginn 30. apríl klukkan 10.30. Listasafn Reykjanesbæjar stendur fyrir hátíðinni ásamt tíu leikskólum bæjarins.

Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin fer fram og að þessu sinni þurfti að leggja alla sali Duushúsa ásamt Frumleikhúsinu undir hátíðina, sem hefur stækkað með hverju ári.

Meðan á hátíðinni stendur verður listasmiðjan Vinaland starfrækt í bíósal þar sem íbúum bæjarins gefst kostur á að skapa heilt samfélag úr leirfígúrum. Smiðjan verður opin alla hátíðina og foreldrum bent á að opið verður um helgina frá klukkan 13 til 17.

Leikskólarnir standa svo fyrir skemmtidagskrá í Duushúsum og Frumleikhúsinu tvisvar á dag vikuna 4. til 8. maí, klukkan 10.30 og 13.30, þangað sem allir eru velkomnir. Um þær uppákomur má lesa frekar á vef listasafnsins, reykjanesbaer.is/listasafn og hjá viðkomandi leikskóla.

Listahátíð barna stendur til föstudagsins 8. maí. Opnunartími Duushúsa er frá klukkan 11 og til 17 virka daga og klukkan 13 til 17 um helgar.





bhs.is
bifrost.is
fa.is
fb.is
fg.is
fiv.is
fnv.is
frae.is
fsh.is
fss.is
fsu.is
fva.is
hi.is
hr.is
idan.is
idnskolinn.is
klak.is
misa.is
mk.is
simey.is
tskoli.is
unak.is
va.is
vma.is

2012 tækifæri

Iðnaðurinn árið 2012 óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.

Á næstu árum verða vaxtarsprotar íslensks atvinnulífs í áliðnaði, byggingariðnaði, listiðnaði, líftækni, matvælaiðnaði, málm- og véltækni, prentiðnaði og upplýsingatækni.

Nám í verkmenntaskólum, háskólum og öðrum menntastofnunum er skynsamleg leið til að búa sig undir fjölbreytt tækifæri.

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

*Samtök iðnaðarins – www.si.is*

SI Samtök iðnaðarins

# Íslenski kosningasjarminn



NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir



Það er alltaf einhver sjarmi yfir kosningum. Fyrir það fyrsta er náttúrlega vert að þakka fyrir það að fá yfir höfuð að segja skoðun okkar og hafa áhrif á það hverjir stjórna landinu okkar. Það er ekki sjálfsagt. En það er margt fleira sem heillar. Til dæmis finnst mér alltaf gaman að klæða mig upp og fara á kjörstað, sem er í mínu tilviki í gamla grunnskólanum mínum. Í litlu bæjarfélagi eins og því sem ég kem úr, er voðalega kósí að kjósa. Yfirleitt þekkir maður einhverja sem eru að vinna við kosningarnar, og oftast nokkra sem eru mættir til að kjósa. Þetta er allt afskaplega heimilislegt.

Svo er auðvitað langskemmtilegast að fylgjast með úrslitunum. Í þetta skiptið skiptist ég á að horfa á stórgott kosningasjónvarp, þegar ég var í aðstöðu til þess, og hlusta á gott kosningaútvarpið. Undir lokin fylgdist ég svo með á netinu líka.

Þar rakst ég á kosningasíðu Ríkisútvarpsins á facebook, sem var greinilega vel uppfærð úr myndverinu reglulega. Þar gafst fólki líka kostur á að senda inn myndir og skilaboð. Þetta er eitthvað það íslenskasta sem ég hef séð. Íslendingar sem hópa sig saman víðs vegar um heiminn til þess að fylgjast með kosningunum, og taka síðan mynd og senda með kærum kveðjum til heimalandsins. Það komu meðal annars myndir frá Færeyjum, Kaupmannahöfn, London, Flórída, Boston, New York, Maui og Barcelona. Venjulega fylgdu bestu kveðjur „heim“. Ég leyfi mér að efast um að þetta tíðkist í öðrum löndum en okkar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 3.40 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 3.50 | L |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ! | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 6 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 6 ísl. texti | L |
| GOMORRA | kl. 10 ísl. texti | 16 |
| FROZEN RIVER | kl. 10 ísl. texti | 12 |
| YOUNG AT HEART | kl. 6 ótextuð | L |
| SLACKER UPRISING | kl. 6 ísl. texti | L |
| COCAINE COWBOYS 2 | kl. 8 ísl. texti | 14 |
| SUNSHINE CLEANING | kl. 8 ísl. texti | 12 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 og 10 - POWER | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| FRANKLÍN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ (500kr.) | kl. 8 og 10.15 | 12 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8D - 10:10D | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| THE UNBORN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE UNBORN | kl. 6 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PUSH | kl. 5:50 | 12 |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 5:50(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| THE UNBORN | kl. 6:10 - 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6:10(3D) | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 10.20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 10:20 | 12 |
| BOY IN THE STIPED PYJAMAS | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 - 10:10 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |



## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR ÞRÓTTI 12. SÆTINU Í ÍSLENSKU ÚRVALSDEILDINNI SUMARIÐ 2009

**> LYKILMAÐURINN**



**Dennis Danry** sló í gegn með Þróttaraliðinu síðasta sumar þar sem hann lék afar vel á miðjunni. Gunnar Oddsson þjálfari hefur fært Danry aftar á völlinn og í miðvörðinn. Það þarf ekki að koma á óvart þar sem vörn Þróttar var hriplek í fyrra og fékk á sig 46 mörk. Ætli liðið að halda sæti sínu í deildinni í sumar verður vörnin að halda og þar verður Danry í algjöru lykilhlutverki.

# Ætlum að selja okkur dýrt

Það hafa nokkrar breytingar orðið á liði Þróttar milli ára. Sigmundur Kristjánsson er horfinn á braut sem og Michael Jackson, Magnús Már Lúðvíksson, Brasilíumennirnir og markvörðuinn Bjarki Freyr.

Þróttur hefur fengið markvörðinn Henrik Bodker í staðinn en hann hefur meðal annars spilað í dönsku úrvalsdeildinni.

Liðið hefur einnig fengið hinn tvítuga miðjumann Odd Inga Guðmundsson sem hefur verið á mála hjá Esjberg og svo eru ungir menn sem misstu af miklu vegna meiðsla klárir í slaginn.

„Við erum með afar ungt lið í bland við nokkra reynslumeiri. Ég persónulega tel okkur vera sterkari nú en á sama tíma í fyrra,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, sem fagnar endurkomu manna úr meiðslum.

„Haukur Páll missti nánast af öllu tímabilinu í fyrra en var með betri mönnum mótsins fram að því. Annar strákur, Birkir Pálsson, spilaði ekkert í fyrra en er klár núna. Svo höfum við einnig fengið Skúla Jónsson frá KR en það er heilmikið spunnið í þann strák,“ sagði Gunnar.

„Við ætlum að selja okkur dýrt í sumar. Við vitum að þeir sem eru til í að leggja mikið á sig geta uppskorið ríkulega. Við erum til í það. Ég veit að margir óttast breytingarnar en það var ekki mikil eftirsjá að öllum sem fóru. Ég kvíði ekki þessu sumri. Við ætlum að gera betur en í fyrra og verðum klárir strax frá fyrsta leik.“



**> X-FAKTORINN**

**Hjörtur Hjartarson** var markahæsti leikmaður liðsins í fyrra með 8 mörk. Þessi reynslumikli leikmaður þarf að gera álíka vel í sumar en aldurinn færist yfir og spurning hvað Hjörtur á mikið inni.

**AÐRIR LYKILMENN**



EYSTEINN PÉTUR LÁRUSSON



HALLUR HALLSSON



HAUKUR PÁLL SIGURÐSSON

**GENGI Á VORMÓTUNUM**




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 10. sæti í A-deild | 2007 2. sæti í B-deild | 2006 4. sæti í B-deild | 2005 10. sæti í A-deild | 2004 2. sæti í B-deild | 2003 9. sæti í A-deild |

# Sýning á Old Trafford

**Man. Utd fór á kostum í síðari hálfleik gegn Tottenham. Þá skoraði liðið fimm mörk eftir að hafa verið undir, 0-2. Liverpool gefur ekkert eftir og lagði Hull á meðan Chelsea vann líka sterkan útisigur á nágrönnum sínum í West Ham.**

**FÓTBOLTI** „Við vorum svolítið heppnir með þennan dóm en svona er fótboltinn furðulegur,“ sagði Sir Alex Ferguson um vítaspyrnudóminn umdeilda sem kom Man. Utd inn í leikinn og virkilega af stað. „Við höfum fengið að kenna á álíka lélegum dómum eins og í bikarleiknum sem þýddi að við féllum úr leik. Það gengur ekki að velta sér upp úr því heldur verðum við að halda áfram.“

Harry Redknapp, stjóri Spurs, varð alveg brjálaður þegar Howard Webb flautaði vítið á Gomes markvörð sem virtist fara í boltann áður en hann kom við Michael Carrick. Redknapp var enn reiður eftir leik.

„Þetta voru skelfileg mistök hjá dómaranum. Leikmennirnir trúa þessu ekki enn. Þessi dómur gjörbreytti gangi leiksins. United hefði ekki unnið án svona atviks og það sýnir að það þarf að nota tæknina meira í fótboltanum. Fjórði dómarinn ætti að sitja fyrir framan sjónvarp og kveða upp úr með svona dóma,“ sagði Redknapp.

Liverpool spilaði ekki vel og lenti meira að segja undir pressu frá tíu leikmönnum Hull. Hollendingurinn Dirk Kuyt kom Liverpool hins vegar til bjargar með tveimur mörkum sem skilaði Liverpool þremur stigum.

„Það eru allir ánægðir fyrir hans hönd. Hann er frábær atvinnumaður sem leggur hart að sér og það gleðjast allir þegar hann uppsker svona eins og í þessum leik. Völlurinn gerði okkur erfitt fyrir en við verðum að vera ánægðir með stigin þrjú,“ sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool.

Guus Hiddink, stjóri Chelsea, hvíldi nokkrar af sínum stjörnum gegn West Ham en gamli West Ham-maðurinn, Frank Lampard, spilaði eins og venjulega. Hann fékk óblíðar móttökur frá stuðningsmönnum Hamranna.

„Sumir fengu að hvíla en mér dettur ekki í hug að biðja Frank um að hvíla því ég veit að hann myndi horfa á mig með augnaráði sem segði hvað ég væri eiginlega að spá,“ sagði Hiddink léttur en Chelsea vann, 0-1.

„Strákar eins og Lampard vilja spila. Ég mun eflaust þurfa að hvíla hann síðar en ég mun ekki horfa í augun á honum þegar ég færi honum tíðindin.“ - hbg

*Enska úrvalsdeildin:*

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **33** | **24** | **5** | **4** | **61-23** | **77** |
| Liverpool | 34 | 21 | 11 | 2 | 66-26 | 74 |
| **Chelsea** | **34** | **21** | **8** | **5** | **56-20** | **71** |
| Arsenal | 34 | 18 | 11 | 5 | 60-32 | 65 |
| **Aston Villa** | **34** | **15** | **10** | **9** | **50-44** | **55** |
| Everton | 34 | 14 | 11 | 9 | 48-36 | 53 |
| **Fulham** | **34** | **12** | **11** | **11** | **34-28** | **47** |



**MAGNAÐIR** Ronaldo fagnar eftir að hafa komið United yfir. Berbatov fagnar með honum en hann skoraði gegn sínu gamla félagi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**BARÁTTA** Rakel Hönnudóttir sést hér í slagnum í Kórnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stelpurnar okkur gerðu jafntefli við Holland:

# Vissi ekki hvernig ég átti að fagna

**FÓTBOLTI** Kvennalandslið Íslands og Hollands skildu jöfn, 1-1, í vináttulandsleik í Kórnum á laugardaginn. Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir skoraði fyrir Ísland í fyrri hálfleik en Hollendingar jöfnuðu í þeim seinni.

„Ég var svo hissa á að hafa skorað að ég vissi ekki hvernig ég átti að fagna. Ég vissi ekki hvort ég ætti að hlaupa til stelpnanna eða áhorfenda. Ég gerði eiginlega sitt lítið af hvoru,“ sagði Ólína Guðbjörg brosmild eftir leik en hún var að skora sitt fyrsta landsliðsmark.

„Þetta var ágætis leikur og góð barátta í liðinu. Við höfum oft spilað betur en erum samt ekkert óánægðar með okkur. Við erum samt svekktar yfir að hafa ekki unnið,“ sagði Ólína og bætti við að það væri óneitanlega sérstakt að koma aftur heim þar sem tímabilið væri ekki byrjað en hún er að spila sjálf í Svíþjóð.

„Það er rosa gaman að koma heim. Mér líður samt svakalega vel úti þar sem allt er til fyrirmyndar. Það er samt sérstakt að fara í alla leiki sem eru baráttuleikir. Þetta er talsvert stökk en maður er að byrja að venjast þessu.“

Katrín Jónsdóttir fyrirliði var ekki alveg nógu sátt eftir leik.

„Ég er ekkert voðalega ánægð með jafnteflið en samt mjög sátt við fyrri hálfleikinn hjá okkur. Við stjórnuðum framan af en duttum svo niður. Það vantaði herslumuninn og við fengum ekki alveg nógu góð færi. Samt jákvætt að fá þennan leik og gott að hittast aftur,“ sagði Katrín. - hbg

Kiel með annan fótinn í úrslitum Meistaradeildarinnar eftir stórsigur á Löwen:

# Kiel tapar aldrei með 14 mörkum

**HANDBOLTI** „Ég stórefa að Kiel geti tapað leik með fjórtán marka mun. Það gerist bara aldrei,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson, leikmaður Rhein-Neckar Löwen, aðspurður um hvort hans lið ætti möguleika í seinni leiknum gegn Kiel.

Guðjón og félagar voru kjöldregnir í gær með fjórtán marka mun, 37-23, og er því svo gott sem komið í úrslitaleikina.

„Það kom okkur á óvart að við skyldum spila eins og aumingjar í þessum leik. Við höfum spilað geysilega vel síðustu vikur og meðal annars lagt Flensburg og HSV sannfærandi.

Við mættum því til leiks með sjálfstraustið í lagi en leikmenn voru samt greinilega ekki tilbúnir. Við gerum meiri kröfur til okkar en að tapa leik með svona miklum mun. Sóknarleikurinn var í molum. Skytturnar í tómu rugli og ég ekki að stýra sóknarleiknum eins vel og ég hef verið að gera síðustu vikur,“ sagði Guðjón Valur sem var hundsvekktur en markvörðurinn Thierry Omeyer reyndist þeim afar erfiður enda varði hann hátt í 30 skot í leiknum.

Guðjón segir Löwen-strákana samt ætla að nýta seinni leikinn vel til að undirbúa sig fyrir undanúrslitaleikinn í þýska bikarnum en þar mætast liðin einnig.

„Það væri mjög sterkt að vinna seinni leikinn. Við þurfum að fá sjálfstraust og finna að við getum unnið þá. Við verðum að finna út hvað virkar gegn þeim og hvað við getum gert til þess að vinna þá,“ sagði Guðjón Valur.

Hann sagði stemninguna í klefanum hafa verið afar þunga og leikmenn liðsins hlakka lítið til átta klukkutíma rútuferðar sem beið þeirra. - hbg



**GUÐJÓN VALUR** Viðurkennir fúslega að Löwen eigi litla sem enga von um að komast í úrslit Meistaradeildarinnar. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

**Boltinn er hjá okkur!**

**Arsenal Man. Utd.**
5. - 7. maí
**Meistaradeildin**
Verð á mann í tvíbýli:
**109.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Arsenal Stoke**
23. - 25. maí
**Úrvalsdeildin**
Verð á mann í tvíbýli:
**86.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
**Express ferðir** Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



> **Jay Leno**

„Ef það væri Guðs vilji að allir myndu kjósa þá sæi hann okkur líka fyrir almennilegum frambjóðendum.“

Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi í spallþætti sem er sýndur á Skjáeinum, mánudaga til fimmtudaga.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: KLEMENS ÓLAFUR SÁ LÝÐRÆÐIÐ GANGA ÚT AF FUNDI

# *Talaðu fyrst við trúskiptadeild*



Það var í fréttum að litli karlinn frá Íran fékk að lokum að halda ræðu á fundi um rasisma. Hann vildi meina að múslimar væru ekki í sem bestum málum í Ísrael og fullyrti eitthvað um misskiptingu þar. Þetta varð til þess að réttsýnir embættispiltar í salnum, menntaðir í vestrænni lýðræðishefð, veinuðu og formæltu ræðumanni. En karlstúfurinn hélt áfram, og bað guð bara að blessa þá.

Áður en sá íranski lauk sér af stukku stóru strákarnir á fætur, ruku út af samkomunni og skelltu á eftir sér. Þetta snýst jú um samræðuna, að allir sýni skoðun sína í verki. Og strákarnir vita að það er rasisimi að tala um rasisma í Ísrael. Hin virta heimspressa veit þetta líka og fjallaði um þessar árásir í garð Ísraels út frá því.

Enda geta allir gengið úr skugga um að þeir eru velkomnir til þessa guðsríkis. Á heimasíðu innflytjendaráðuneytisins má til dæmis lesa um sniðugt átak til að fjölga ríkisborgurum. Vantrúa umsækjendur eiga einfaldlega að sækja um í trúskiptadeildinni. Þar geta þeir notið tíu mánaða námskeiðs í gyðingdómi, sem lýkur með yfirheyrslu prófdómara, og svo mega menn umskírast í sannri trú. Þá er skammt í ríkisborgararéttinn fyrir alla góða menn. Málið leyst.

En Norðmenn eru nú svolítið spes. Meðan aðrir hoppuðu út í réttlátri bræði, sátu þeir stilltir og hlýddu á írönsku ræðuna allt til enda. Íslendingarnir á fundinum öpuðu þetta auðvitað eftir þeim, eins og íslensk fréttasíða orðaði það. Jahve sé oss miskunnsamur.

## MÁNUDAGUR



▶ **18.50 Newcastle – Portsmouth, beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10 One Tree Hill** SKJÁREINN



▶ **20.15 Haukar – Valur, beint** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.10 My Boys** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30 New Amsterdam** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (31:56)

**17.53 Sammi** (22:52)

**18.00 Millý og Mollý** (8:26)

**18.13 Herramenn** (48:52)

**18.25 Ístölt - Þeir allra sterkustu** Þáttur um styrktarmót fyrir íslenska landsliðið í hestaíþróttum sem haldið var í skautahöllinni í Laugardal 4. apríl. Á meðal keppenda voru meðal annarra gullverðlaunahafarnir fjórir frá HM 2007. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Úrslitakeppnin í handbolta karla** Bein útsending frá seinni hálfleik fyrsta leiks í úrslitakeppninni í handbolta karla.

**21.15 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast. Meðal leikenda eru Ken Leung, Henry Ian Cusick, Elizabeth Mitchell, Jeremy Davies Josh Holloway, Rebecca Mader, Evangeline Lilly, Michael Emerson, Jorge Garcia, Matthew Fox, Naveen Andrews og Yunjin Kim.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)

**23.05 Bráðavaktin** (ER) (16:19) (e)

**23.50 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 No Reservations**

**10.00 On A Clear Day**

**12.00 The Last Mimzy**

**14.00 No Reservations**

**16.00 On A Clear Day**

**18.00 The Last Mimzy**

**20.00 National Treasure. Book of Secrets** Ævintýramynd um Ben Gates sem leggur upp í geysilega hættuför til þess að hreinsa nafn fjölskyldu sinnar af morðinu á sjálfum Abraham Lincoln.

**22.00 Flags of Our Fathers**

**00.10 Stander**

**02.05 Fallen. The Beginning**

**04.00 Flags of Our Fathers**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Bratz, og Íkornastrákurinn.

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (299:300)

**10.20 Project Runway** (5:15)

**11.05 The Amazing Race** (6:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (176:260)

**13.25 Incident At Loch Ness**

**15.05 ET Weekend**

**15.50 Galdrastelpurnar**

**16.15 Íkornastrákurinn**

**16.38 A.T.O.M.**

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.53 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (1:22) Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vanagang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin rati ekki í vandræði!

**20.00 American Idol** (31:40) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þeir bestu eftir.

**20.45 American Idol** (32:40)

▶**21.30 New Amsterdam** (4:8) John Amsterdam hefur lifað í hartnær 400 ár í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar nú sem lögreglumaður í New York enda gjörþekkir hann orðið huga glæpamanna.

**22.15 Peep Show** (8:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

**22.40 House of Flying Daggers (Shi mian mai fu)** Ævintýraleg kínversk hasarmynd sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna. Rómantísk baradaga-prinsessa ákveður að ganga í her uppreisnarmanna.

**00.35 Bones** (7:26)

**01.20 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (4:9)

**02.05 The Badge**

**03.45 Incident At Loch Ness**

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Sevilla - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**17.15 PGA Tour 2009** Útsending frá Arnold Palmer Invitational mótinu í golfi.

**19.30 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar krufin til mergjar. Gunnlaugur Rögnvaldsson og sérfræðingar skoða keppnina gaumgæfilega og leiða áhorfendur í gegnum allan sannleikann.

**20.00 Detroit - Cleveland** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**22.30 Þýski handboltinn. Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**23.00 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Qwest Field í Seattle.

**23.55 Poker After Dark**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackburn - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Everton - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Ensku mörkin - Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

▶**18.50 Newcastle - Portsmouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**22.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**22.30 Newcastle - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**00.10 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.00 Spjallið með Sölva** (10:12) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (10:12) (e)

**13.00 Óstöðvandi tónlist**

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Game Tíví** (12:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**18.55 The Game** (16:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.20 Psych** (9:16) Bandarísk gamanþáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. (e)

▶**20.10 One Tree Hill** (14:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Fréttir af ástandi Peytons berast fljótt út. Hún og Lucas passa Jamie og vin hans á meðan Haley og Nathan njóta kvöldstundar saman. Mouth og Millicent eru við það að hætta saman.

**21.00 Heroes** (19:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Matt og Peter reyna að bjarga Daphne og finna gögn sem gætu flett ofan af fyrirætlunum yfirvalda um að fanga alla sem búa yfir hetjuhæfileikum.

**21.50 CSI** (15:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 The Cleaner** (7:13) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm ræðir um úrslit kosninganna.

**20.30 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ræðir um kosningar helgarinnar.

**21.00 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir fjallar um málefni Reykjavíkurborgar.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00

### American Idol



Sjö keppendur eru enn eftir í leitinni af áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna í vinsælasta skemmtiþætti veraldar, en dómnefndin ákvað að bjarga Matt síðasta mánudag frá falli og gefa honum annað tækifæri. Það þýðir þó hins vegar að það fara tveir keppendur heim í kvöld. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðisgreiðslu. Hverjir komast áfram í fimm manna úrslit og hverjir detta út?

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ C.S.I

### Skjáreinn

Skjáreinn sýnir níundu seríuna af þessum vinsælu þáttum. Leikarinn Laurence Fishburne hefur bæst við leikarahópinn sem dr. Raymond Langston, háskólakennari sem sérhæfir sig í hegðun glæpamanna. Í þættinum í kvöld fær rannsóknardeildin þrjú ólík mál inn á borð hjá sér en sönnunargögnin benda óvænt til þess að tengsl séu á milli þeirra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hringsól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (175:260)
**16.30 Hollyoaks** (176:260)
**17.00 Seinfeld** (18:22)
**17.25 E.R.** (9:22)
**18.10 My Boys** (20:22)
**18.30 Auddi og Sveppi**
**19.00 Hollyoaks** (175:260)
**19.30 Hollyoaks** (176:260)

**20.00 Seinfeld** (18:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur.

**20.25 E.R.** (9:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

▶**21.10 My Boys** (20:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

**21.30 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

**22.00 Cold Case** (15:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.45 Damages** (8:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni og þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI en hennar markmið er að ná sér niður á Patty Hewes og knésetja hana.

**23.30 Fringe** (14:21)
**00.15 Sjáðu**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder II **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder II **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Holby Blue **20.50** Blackadder II **21.20** My Hero **21.50** Holby Blue **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**11.20** OBS **11.25** Senior, senior! **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Høvdingebold **14.00** Family Guy **14.30** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Den travle by **16.00** Liberal Alliances landsmøde **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.30** OBS **21.35** Seinfeld **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.05** VM ishockey **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Flyttefeber - en ny start **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** En ripe i lakken **20.30** Husdrømmen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**12.25** Människors rike **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hästbröderna **15.25** Var fan är min revy! **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2009 **19.00** Packat & klart **19.30** Tonårsliv **20.00** Unge Freud i Gaza **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Grillad **22.00** Nip/Tuck **22.40** Babben & co **23.40** Sändningar från SVT24





NÚ ER **30% AFSLÁTTUR** AF LUX VEGGLJÓSUM Í APRÍL

Opið alla virka daga frá 9 - 18.

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hún hefur alltaf verið mjög skapandi. Hún hefur þetta ekki frá mér, þessi elska, en það er mikið af listafólki í föðurættinni. Mér finnst þetta bara æðislegt hjá henni, er rosalega stolt og styð hana í öllu sem hún gerir, því allt sem hún tekur sér fyrir hendur tekur hún alla leið og gerir það vel.“*

Margrét Árnadóttir um dóttur sína, Andreu Róbertsdóttur, en Jórunnarhjörtun sem hún hannar njóta mikilla vinsælda. Hún hannaði meðal annars hjörtu fyrir Dorrit Moussaieff sem afhenti þau gestum á ráðstefnu sem hún sat um sérþarfir barna í síðustu viku í Katar.

# Hver mínúta skipulögð hjá Eurovision-hópnum

„Ég vinn bara svona, ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að ég er enn í þessu djobbi,“ segir Jónatan Garðarsson, liðsstjóri íslenska Eurovision-hópsins. Hópurinn fékk á föstudag yfirlit frá Jónatani yfir dagskrá hópsins í Moskvu. Óhætt er að fullyrða að hver einasta mínúta, hvert skref, sé skipulagt. Eiginlega er hvergi autt gat í tímaætluninni sem nær frá klukkan fjögur að morgni sunnudagsins 3. maí til klukkan fjögur síðdegis sunnudagsins 17. maí. Meðal þess sem Jónatan var búinn að setja niður á blað voru matmálstímar og háttatíminn. „Þegar svona mikið gengur á þarf oft að minna fólk á þessa annars sjálfsögðu hluti.“

Jónatan segist alltaf hafa gert svona skjöl fyrir þá Eurovision-hópa sem hann hefur farið með út. Og þeir eru þó nokkrir. „Þetta skjal hefur verið svona tvö ár í mótun, fyrstu árin skrifaði ég dagskrána bara frá degi til dags en það þótti ekki heppilegt enda finnst fólki betra að vita með góðum fyrirvara hvað sé að gerast,“ útskýrir Jónatan.„Það er mjög nauðsynlegt á svona stórum viðburði að allir gangi í takt.“

Að sögn Jónatans er öryggisgæslan nokkuð mikil í Moskvu, menn þurfa til að mynda að vera með öll sín skjöl á sér því annars gætu þeir verið í vondum málum. „Öryggisgæslan er alltaf meiri eftir því sem austar dregur í álfunni, við verðum með einn til tvo öryggisverði og svo sérstaka rútu undir hópinn og einn fólksbíl,“ útskýrir Jónatan sem kveðst ekki hafa hugmynd um hvernig týpa sú ágæta bifreið verður. „Í fyrra vorum við á Skoda og svo höfum við verið á Benz, hins vegar skiptir mestu máli að hann geti komið manni á milli staða.“

- fgg



**SKIPULAGÐUR** Jónatan Garðarsson hefur skipulagt hverja einustu mínútu hjá Eurovision-hópnum enda er mikilvægt að allir gangi í takt.



**LÁRÉTT 2.** jurt, **6.** tveir eins, **8.** umfram, **9.** meðal, **11.** gelt, **12.** ávöxtur, **14.** hnupla, **16.** í röð, **17.** í hálsi, **18.** skelfing, **20.** mun, **21.** land í asíu.
**LÓÐRÉTT 1.** kvk nafn, **3.** guð, **4.** brá, **5.** skjön, **7.** heimilistæki, **10.** ílát, **13.** segi upp, **15.** engi, **16.** tæki, **19.** skst.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gras, **6.** rr, **8.** auk, **9.** lyf, **11.** gá, **12.** akarn, **14.** stela, **16.** tu, **17.** kok, **18.** ógn, **20.** ku, **21.** laos. **LÓÐRÉTT: 1.** erla, **3.** ra, **4.** augnlok, **5.** ská, **7.** ryksuga, **10.** fat, **13.** rek, **15.** akur, **16.** tól, **19.** no.

Er HREINT hjá þér?
Lækkaðu ræstingarkostnaðinn!
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**KYNNA ÍSLENSKA LIST Í BANDARÍKJUNUM** Arkitektahjónin Erla Dögg Ingjaldsdóttir og Tryggvi Þorsteinsson opnuðu Gallery Skart í Santa Monica þar sem þau reka stofuna Minarc.

ERLA OG TRYGGVI: OPNUÐU LISTAGALLERÍ Í LOS ANGELES

# Opna Íslendingum leið inn á bandarískan listmarkað

„Taugarnar liggja til Íslands, það fer ekki á milli mála,“ segir Erla Dögg Ingjaldsdóttir arkitekt, en hún og eiginmaður hennar Tryggvi Þorsteinsson arkitekt hafa opnað listagallerí í Santa Monica í Kaliforníu. Galleríið er í sama húsi og arkitektastofan Minarc sem þau hjón hafa rekið síðustu níu ár, en Gallery Skart sýnir fyrst og fremst íslenska list og er markmiðið að opna íslenskum listamönnum leið inn á bandarískan markað.

„Við vorum heima í lok september 2008 og sáum hörmungarnar skella á. Við erum með skrifstofuna okkar í hjarta Santa Monica, nálægt aðalmiðstöð menninga og lista í Kaliforníu, og þar sem við vorum með aukarými fyrir framan skrifstofuna í sama húsi fannst okkur tilvalið að nota okkar öfl til að koma íslenskum listamönnum á framfæri. Þetta er okkar framtak til að hjálpa,“ útskýrir Erla Dögg, spurð um tilurð gallerísins. „Skartbúðin er tileinkuð íslenskum iðnaði og er hugmyndin að hægt sé að nýta galleríið til kynningar á Íslandi, hvort sem er á list eða til annars brúks,“ bætir hún við.

Gallery Skart hefur vakið mikla athygli í Los Angeles, en meðal annars hefur verið fjallað um það í LA Times og á útvarpsstöðinni KCRW. Nýlega hélt Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarsýningu í galleríinu, en nú stendur yfir ljósmyndasýning GroupLA 2008 þar sem 25 ljósmyndarar sýna stafrænar myndir á flatskjá sem þeir tóku í sínu nánasta umhverfi í Los Angeles árið 2008. „Fram undan er sýning Friðgeirs Helgasonar ljósmyndara og seinna í sumar verður sýning sem kallast Fairy Tales þar sem hugmyndin er að listamenn taki þátt í vinnustofu með börnum sem minna mega sín,“ segir Erla Dögg, en áhugasömum er bent á heimasíðu gallerísins galleryskart.com.

alma@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tæknilið og fréttamenn RÚV blóta væntanlega blaðaljósmyndara sem staddur var á kosningavöku Samfylkingarinnar í sand og ösku. Sjónvarpið skipti beint yfir á sigurræðu **Jóhönnu Sigurðardóttur** sem hún hélt skömmu eftir að fyrstu tölur voru komnar í hús og allt benti til stórsigurs flokksins. Til einhverra stympinga kom milli myndatökumanns RÚV og ljósmyndarans sem endaði með því að sá síðarnefndi sagði keppinautnum til syndanna. Því miður fyrir RÚV var kveikt á hljóðnema þannig að blótsyrðin hljómuðu undir orðum formanns Samfylkingarinnar.



Og ögn meira af alþingiskosningunum. Því hljóðvarp Ríkisútvarpsins var einnig með sína kosningavöku. Útvarpsmaðurinn Guðmundur Pálsson átti stutt spjall við fulltrúa Borgarahreyfingarinnar, Baldvin Jónsson, en hann átti góða möguleika á að komast inn á þing í nótt. Baldvin upplýsti að hann og **Þór Saari**, verðandi þingmaður hreyfingarinnar, hefðu bundist fastmælum um að leggja fram tillögu um að hálsbindatíska karlmanna yrði afnumin. Ekki er víst hvernig hinn ópólitíski armur búsáhaldabyltingarinnar hefði brugðist við ef þetta hefði verið fyrsta mál hreyfingarinnar þegar þing verður kallað saman.



Og loksins komu góðar fréttir af íslenskum útrásarvíkingum sem hafa verið sagðir í felum undanfarna daga og mánuði. Því Sunday Times greindi frá því í gær að **Björgólfur Thor Björgólfsson** sé meðal þrjátíu ríkustu manna Bretlands. Skýtur eiganda knattspyrnuliðsins Newcastle ref fyrir rass. Meira að segja Bakkavararbræðurnir Ágúst og Lýður Guðmundssynir komast inn á listann þótt þeir falli um rúmlega hundrað og fimmtíu sæti.



ALLIR FISKRÉTTIR
990 KR/KG
GLÆNÝR RAUÐMAGI
ATH TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG MÁNUDAG OG MORGUN ÞRIÐJUDAG.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# Ungur leikstjóri til Cannes

„Já, ég er bæði spenntur og kvíðinn,“ segir leikstjórinn Arnar Már Brynjarsson en hann er á leiðinni til Cannes hinn 14. maí ásamt félögum sínum, þeim Hlyni Björnssyni og Gunnari Antoni Guðmundssyni. Þeir, ásamt fjórða manninum, Hirti A. Guðmundssyni, gerðu stuttmyndina HUX sem vann Stuttmyndadaga Reykjavíkur í fyrra. HUX tekur þátt í svokölluðu Short Film Corner sem haldin er í tengslum við hina eiginlegu kvikmyndahátíð en myndin segir frá tvítugum dreng sem reynir að bjarga móður sinni undan klóm krabbameins.

Undirbúningur fyrir stuttmyndadaga Reykjavíkur í ár er nú í fullum gangi, Silja Hauksdóttir og Ólafur H. Torfason auk Sigmundar Dúa Mássonar verða í dómnefnd en hátíðin verður sett hinn 28. maí. Arnar segir þá félaga ekki ætla að endurtaka leikinn í ár. „Nei, við höfðum hreinlega ekki tíma en stefnum á að vera með mynd á næsta ári.“

Arnar segir það hálf ógnvekjandi að vera að fara á þessa frægustu kvikmyndahátíð heims sem haldin er við sólríkar strendur Miðjarðarhafsins. „Ég á reyndar eftir að útvega mér smóking en það bjargast alveg örugglega,“ segir Arnar og viðurkennir að þegar þeir gerðu myndina leiddu þeir aldrei hugann að því að hún gæti verið farseðill til Frakklands.



**Í FERÐAHUG** Arnar Már Brynjarsson og Gunnar Anton Guðmundsson eru á leiðinni til Cannes og eru bæði spenntir og kvíðnir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arnar, sem er 22 ára, hefur verið með ólæknandi kvikmyndagerðardellu í ansi langan tíma. „Hún kom þegar ég fékk myndbandsupptökuvél í fermingargjöf. Hún hefur eiginlega ekki farið síðan,“ segir Arnar en hann rekur ásamt félögum sínum vélaleigu fyrir kvikmyndagerðarfólk undir nafninu Royal & Zlátur.

- fgg


Fjórir mánuðir
á verði eins
aðeins í nokkra daga
SUMARKORT
SPORTHÚSSINS
Verð 9.900 kr.
Kortið gildir til 20. ágúst ´09
Sýndu þig i sumar
www.sporthusid.is · sporthusid@sporthusid.is · sími: 564-4050

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla

www.lyfja.is




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Pigeon aux petits pois*

Dúfur geta náð hjartsláttinum upp í 600 slög á mínútu og haldið honum þannig í allt að 16 klukkustundir án hvíldar. Þetta kom fram í frétt Ríkisútvarpsins fyrir skömmu. Margir kannast eflaust við þessa líðan. Óttinn við að þjóðfélagið sé endanlega að fara í bál og brand laumast að fólki og hjartslátturinn keyrist upp. En það er víða bágborið ástand í heiminum, svo sem Simbabve. Annað er ekki að sjá á fréttunum sem mér berast frá vini mínum, skáldinu Togara. Hann býr á bóndabæ með mömmu sinni og kemst örsjaldan á ljóðahátíðir úti í heimi.

**ÞAÐ** þarf jú að mjólka og heyja því eflaust er sama umstangið í kringum simbabveskar kýr og þær íslensku. Í vetur var ein kusan úr hjörðinni hans Togara síðan myrt með köldu blóði. Ég gerði því skóna að ljón hefði verið að verki. Það er svo afrískt. Það reyndist samt ekki raunin, heldur hafði mannshöndin komið þar nærri. Fólk sveltur þarna suður frá og þá falla kýrnar jafnört og húskarlarnar í Njálu. Þrátt fyrir að Togara megi ekki hafa augun af hjörðinni gaf hann sér tíma til að sjá sjónvarpsviðtal við íslenska forsætisráðherrann, líklega Geir, og er því viðræðuhæfur um íslenskt efnahagslíf.

**SAMT** finnst mér eins og honum þyki ekki mikið til þrenginga okkar koma miðað við þær sem landar hans glíma við. Og þegar maður horfir á lífið með dökku augunum hans Togara sér maður hvernig möguleikarnir fleygja sér bókstaflega í veg fyrir mann. Eins og Ríkisútvarpið skýrði frá um daginn hefur bréfdúfnarækt aukist á Íslandi síðustu árin. Tekið var fram að tuttugu manns stunduðu hana og það eru nú bara heil 0,0067% þjóðarinnar. Í fréttinni var sagt frá því að steggurinn lægi líka á eggjunum og parið skiptist á um að gefa ungunum dúfnamjólk. Ekki grunaði mig að til væri dúfnamjólk en maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.

**DÚFUR** þykja herramannsmatur sums staðar í Evrópu. Í Frakklandi fúlsar að minnsta kosti enginn við góðri dúfnasteik sem borin er fram í rauðvínssósu með gulrótum, lauk, steinselju og blóðbergi. Þetta eru tímar tækifæranna. Sleppum dúfunum við sendiferðirnar og förum að fita þær. Við erum ekki stödd í Bróðir minn ljónshjarta þar sem dúfur bera boð á milli Kirsuberjadals og Þyrnirósadals. Frétt Ríkisútvarpsins um dúfnaeldið eru lítið annað en dulin skilaboð um að á landinu sé nóg til átu. Þetta er allt spurning um víðsýni.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er mánudagurinn 27. apríl, 117. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.14 | 13.25 | 21.39 |
| Akureyri | 4.47 | 13.10 | 21.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





## Garda-vatnið 22.–29. júní

**Verð á mann í tvíbýli:**
**129.900 kr.**
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á góðu 3* hóteli með hálfu fæði (morgun- og kvöldverði) og íslensk fararstjórn.

## Eldri borgara ferð til Berlínar 11.–14. september

**Verð á mann í tvíbýli:**
**79.900 kr.**
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði og íslensk fararstjórn.

## Sæluvika í Svartaskógi 22.–29. ágúst

**Verð á mann í tvíbýli:**
**139.900 kr.**
Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* Hotel Baren með fullu fæði allan tímann og íslensk fararstjórn.

Nánar á *expressferdir.is*
eða í síma *5 900 100*

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

## Evrópa hefur allt til alls

Það er löngu orðið tímabært að bregða sér í frí til Evrópu. Hvort sem þú vilt njóta fjölbreytileika stórborganna, leigja bíl og láta ímyndunaraflið ráða för eða bara slaka á í sólinni, þá hefur hún Evrópa allt fyrir þig og þína. Iceland Express býður flug til 18 áfangastaða, vítt og breitt um Evrópu, svo það er spennandi ferðasumar framundan!

Bókaðu draumaferðina þína á **www.icelandexpress.is**

Iceland Express
með ánægju